

ÞITT
EINTAK

SIRKUS

19. MAÍ 2006 | 20. VÍKA

MAÐURINN SEM BJARGAÐI EUROVISION

Á HVERJU ÁRI Í KRINGUM EUROVISION ER PÁLL ÓSKAR FENGINN TIL AÐ SEGJA SITT ÁLIT. EN AF HVERJU? HVAÐ VEIT HANN OG HVERNIG VEIT HANN ÞAÐ? PÁLL ÓSKAR SEGIR SIRKUS ÁSTARSÖGU SÍNA OG EUROVISION-KEPPNINNAR. SJÁLFUR TÓK PÁLL ÓSKAR ÞÁTT Í KEPPNINNI OG HAFÐI DJÚPSTÆÐ ÁHRIF Á SÖGU HENNA.

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK



Í KVÖLD, FÖSTUDAGINN
19. MAÍ, VERÐUR COD MUSIC-
VEISLA Á NASA OG MUNU
HINIR ÝMSU FLYTJENDUR
COD MUSIC STÍGA Á STOKK.
ÞETTA ERU HLJÓMSVEITIRNAR
DR. MISTER & MR. HAND-
SOME, WULFGANG, FUTURE
FUTURE, BENNY CRESPO'S
GANG, LAY LOW, MOUNTAIN
ZERO OG HELGI VALUR.

ÁHRIFIN FRÁ SVEITALOFTINU Í MOSFELLSBÆ

„Tónleikarnir eru í kvöld á Nasa,“ segir Sigurður Alexander Oddsson, söngvari hljómsveitarinnar Future Future. Sveitin vakti mikla athygli á síðustu Airwaves-hátíð og einnig hefur lagíð þeirra Code Civil verið mikið í spilun. Þetta er fjögurra manna hljómsveit, skipuð þeim Eiði, Sigurði, Brynjari og Árna, og eru þeir meðal margra flytjenda COD music.

ALLT FRÁ ELEKTRÓNÍK TIL NEW-FOLK

„Tónleikarnir eru ætlaðir til þess að kynna hóp hljómsveita sem hafa verið að vinna í COD music-verkefninu. Þetta eru hljómsveitir úr öllum áttum, sem spila allt frá elektróník til „new-folk“ en þær eiga það allar sameiginlegt að hafa eitthvað fram að færa til íslensku tónlistarsenunnar,“ segir Sigurður um tónleikana á Nasa.

YNGRA FÓLKIÐ VANRÆKT

En Future Future, hvað hafið þið verið að gera upp á síðkastið?

„Við erum nýkomnir úr stífum æfinga- og upptökubúðum sem stóðu yfir í nokkrar vikur,“ segir Sigurður um undirbúning plötunnar. „Við vorum í Stúdíó Sýrlandi að taka upp nokkur lög sem munu heyrast von



bráðar. Annars reynum við að spila á tónleikum eins og við getum og höfum verið að leggja okkur fram við að spila fyrir yngra fólkið, þar sem sá hópur er örlítið vanræktur í tónleikaframboðinu,“segir Sigurður.

SÆSKRÍMSLI Í BALLERÍNUSKÓM

Hvernig myndir þú lýsa tónlist Future Future?

„Við höfum lýst tónlistinni eins og sæskrímsli í ballerínuskóm,“ segir Sigurður, söngvari Future Future. „Ástæðan fyrir því er að hljómgrunnurinn er þungur og óheflaður, en á móti koma smáatriði, fín-pússanir og oft á tíðum tónlistarlegur nördaskapur sem þróast stundum út í full-kommunaráráttu. Við höfum allir mismunandi áhrifavalda, þótt það hafi smitast á

milli. Brynjar trommuleikari hefur verið að grúska í ethnískum tónlistarstefnum, Árni í afrískri „folk“-tónlist, Eiður í „emo“-rokkinu og ég í „minimal tech-house“ svo eitt-hvað sé nefnt. Annars drögum við áhrifin frá sveitaloftinu í Mosfellsbæ, þar sem við æfum,“ segir Sigurður um innblástur bandsins og tónlistina.

MR. HANDSOME BER AÐ OFAN

Að lokum?

„Við vonum að sjálfsögðu að fólk sjái sér fært að mæta á tónleikana tímanlega og kynna sér þessar frambærilegu sveitir sem þarna má sjá, þó ekki nema til þess að sjá Mr. Handsome beran að ofan, eða sætu ste!“ segir Sigurður að lokum.

sigga@minnsirkus.is



SIRKUSÁVARPIÐ

EINSTAKUR GLAMÚR SILVÍU NÆTUR

Þó svo að allt umstangið í kringum Silvíu Nótt hafi verið uppfullt af glamúr og glysi, þá er þessi Eurovision-för ekki sú mest glitrandi í sögu landsins að mínu mati. Atriði Páls Óskars stendur þar mun framar hvað gljáa varðar. Undanfarna viku hefur Silvía Nótt ekkert verið að finna upp hjólið með fíflagangi sínum enda hefur það verið í tísku í þýskumælandi löndum að senda einhver kjánaleg atriði í keppnina. Það er engin nýjung að senda út máluð skrípi sem rífa kjáft. Samanber Finnana ófyndnu sem nú eru staddir úti í Apenu. Páll Óskar breytti hinsvegar Eurovision-landslaginu til muna þegar hann fór leðurklæddur í sófa með gálulegar stúlkur skríðandi utan á sér og fékk hrikalega fá stig fyrir vikið. Hann lenti í 20. sæti en hefði lent í 6. sæti ef síma-kosningin ein hefði verið tekin gild. Eftir það hefur alltaf verið kosið gegnum síma. Páll Óskar vakti athygli og það sem meira er – hann var ekkert að djóka. Hann var hann sjálfur. Hans hinsti dans markaði nýtt upphaf í sögu Eurovision.

Sólmundur Hólm



SIRKUS®

365

Auglýsingastjóri: Jóhannes Már Sigurðarson
Kynningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson
Sölustjóri: Hörður Jóhannesson
hordur.johannesson@365.is
Ritstjóri: Sólmundur Hólm
Ritstjórn: Hjörvar Hafliðason og Sigríður Ella Jónsdóttir.
Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Forsðumyndina
tók Teltur af
Páli Óskari
Hjálmtýssyni

SIRKUS MÆLIR MEÐ



Sirkus mælir með þýska laginu No, no, never í Eurovision sem fram fer á laugardaginn. Það er kominn tími til að vinir okkar frá Þýskalandi vinni keppnina. Þeir hafa ekki unnið frá því hún Nicole fór með sigur af hólmi með laginu, Ein bißchen Frieden árið 1982 í London.



Sirkus mælir með Scary Movie 4. Loksins er komin skemmtileg grínmynd í anda Naked Gun, Top Secret og Airplane-myndanna. Þá spillir ekki fyrir að Leslie Nielsen mætir á svæðið en hann er sílfurrefurinn sem fór á kostum í Naked Gun-myndunum. Eina sem vantaði í Scary Movie var einn lítinn, saklausan O.J. Simpson.



Sirkus mælir með leik bikarmeistara Vals og FH á sunnudagskvöld í Landsbankadeild karla í fótbolta. Leikurinn hefst klukkan 20 og fer fram á Laugardalsvelli sem tímabundið er heima-völlur Vals. Fyrir þá sem treysta sér ekki á völinn er leikurinn í beinni á Sýn.



Sirkus mælir með súkkulaðivaxinu á snyrtistofunni Fyrir og eftir á Smiðjuvegi. Sársaukinn sem hefur einkennt vax hingað til er úr sögunni með súkkulaðivaxi. Það hefði enginn vorkennt Villu WRX ef hann hefði farið í súkkulaðivax því það er ekkert vont.

EFNI

4 – Ingunn Sigurpálsdóttir tekin á teppið

7 – Stríðsástand hjá Leikfélagi Akureyrar

9 – Tískan hjá fólkinu á götunni

10 – Dansað eins og í MTV-myndbandi

12 – Kíkt í kistuna hjá Gyðu Bergs



14 – Andrea Maack með sýningu


16-17 – Páll Óskar bjargaði lífi Eurovision

22-23 – Ljósmyndarar á uppleið

26-28 – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanalífið í Reykjavík

31 – Gillzenegger - Vogavíkingurinn 2006





EF ÞÚ ERT BÍLSTJÓRINN
GETUR ÞÚ HALDIÐ
PARTÍINU LIFANDI



UMFERÐARSTOFA

YFIRHEYRSLAN

INGUNN SIGURPÁLSDÓTTIR LENTI Í ÖÐRU SÆTI Í UNGFRÚ ÍSLAND-KEPPNINNI Í FYRRA. Á MIÐVIKUDAGINN VERÐUR HÚN VIÐSTÖDD KRÝNINGU Á NÝRRI UNGFRÚ ÍSLAND. SIRKUS YFIRHEYRÐI ÞESSA GLÆSILEGU STÚLKU.



Sirkusmynd – Höfður

PABBI

ER FYNDNASTUR Í HEIMI

HVER ER BESTI FRÍDAGUR ÁRSINS?

Það er aðfangadagur. Andrúmsloftið er frábært.

HEFÐIR ÞÚ ORÐIÐ UNGFRÚ ÍSLAND EF UNNUR STEINSSON VÆRI MAMMA ÞÍN?

Nei. Unnur Birna hefði alltaf unnið.

HEFUR ÞÉR FUNDIST ÞÚ FEIT?

Já, lenda ekki allar stelpur í því?

ER VINSÆLASTA STÚLKAN ALLTAF SÚ LJÓTASTA?

Það fer alls ekki saman. Snýst bara um skemmtilegan persónuleika.

LESTU FYRIR MIG SÍÐASTA SMS-IÐ SEM ÞÚ FÉKKST OG FRÁ HVERJUM ER ÞAÐ?

Æ, æ, ég eyði þeim öllum jafnóðum.

HVAÐ ER BEST VIÐ KÓPAVOGINN?

Mekka Spa á Nýbýlaveginum.

SKEMMTISTAÐASLEIKUR EÐ VENJULEGUR SLEIKUR?

Skemmtistaðasleikur. Verðum við ekki að segja það?

EF ÞÚ FENGIR AÐ VELJA EINA MANNSKJU Í MANNKYNSÖGUNNI TIL AÐ SOFA HJÁ, HVER YRÐI FYRIR VALINU?

Hector sem barðist í Trójustríðinu. (Eric Bana lék kappann í kvikmyndinni Troy.)

HVAÐ Á AÐ KJÓSA?

Þá bestu bara.

HEFURÐU VERIÐ MEÐ STRÁK SEM ÞÉR FINNST OF SÆTUR?

Nei, bara rosalega sætum.

FÍLAÐIR ÞÚ BANANA Í NÁTTFÖTUM?

Já. Ég kunni alveg lagið.

HVER ER FRÆGASTI MAÐUR SEM HEFUR REYNT VIÐ ÞIG?

Hef aldrei lent í því að frægur maður reyni við mig.

LÍNA LANGSOKKUR EÐA EMIL Í KATTHOLTÍ?

Emil í Kattholti, pottþétt. Hann var í algjöru uppáhaldi hjá mér.

HVER ER LEIÐINLEGASTA MANNSKJAN Í SÍMA-SKRÁNNI ÞINNI?

Það er 118, væntanlega.

DANSKAN BARÞJÓN EÐA ÞELDÖKKAN KÖRFU-BOLTAMANN FRÁ MIAMI?

Ég held ég verði að segja dansk-
an barþjón.

HVER ER FYNDNASTUR Í HEIMI?

Pabbi.

SKIPTIR STÆRÐ MÁLI?

Nei, hei!

VAR ÞÉR MIKIÐ STRÍTT SEM KRAKKA?

Nei, ekkert svo. Meira strítt núna.

BÚÐU TIL SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐMÆLANDA

Desperate Housewives eða Lost?

SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Sirkus mælir ekki með illa skipulögðum útilegum. Það er fókking óþolandi að lenda í svoleiðis steypu. Hvernig væri að muna eftir að kaupa nóg að drekka, taka með sér hnifapör og drullast til að kaupa glös? Þó það væri ekki nema plastglös.



Sirkus mælir ekki með SMS-smáskilaboðum til stelpna um miðja nótt um helgar. Haldið þið virkilega að stelpur hafi áhuga á hálslefandi gæjum sem eru nýkomnir út af Nonna-bita. Ok, þú ert kannski horni en hvað með að geyma SMS-ið þangað til daginn eftir og reyna að kreista fram bíó eða eitt-hvað? Það komast svo ekkert SMS á stelpur eftir klukkan 4.30 sem eru ekki á djamminu. Þær eru sofandi.



Sirkus mælir ekki með dredlocks-hártískunni. Þetta er það glataðasta í heimi. Ok, þetta er í lagi ef allt liðið gerir þetta á Shellmótinu í 6. flokki en ekki annars. Dredlokk-djókíð í ruslið.

NAUÐSYNLEG EUROVISION-VARA

FRAMTÍÐARGRIPUR SEM ALLIR ÆTTU AÐ EIGNAST

Þó svo að við vitum að lagið með Silvíu Nótt sé orðið þreytt að margra mati mun okkur engu að síður þykja vænt um það þegar fram líða stundir. Til þess að varðveita minninguna er nauðsynlegt að verða sér úti um „single“-diskinn með laginu sem nú er seldur á öllum Esso-stöðvunum. Í þessum pakka er nefnilega miklu meira en lagið eitt og sér því aðalgulrótin er DVD-efnið sem fylgir. Á DVD-disknum er lagið og myndbandið við það. Þá er einnig úrvals karaókfútgáfa af laginu bæði á íslensku og ensku en í myndbandinu við þá útgáfu fara Silvía Nótt og Romario hreinlega á kostum þegar Romario reynir að kenna henni hvernig á að fylgja textanum. Á disknum er líka remix af laginu þar sem lagið er talað inn. Ljósmyndir af upptökum myndbandsins er einnig að finna á DVD-disknum en þar fær maður að sjá miklu meira en á myndbandinu. Til dæmis hvað dansararnir hafa verið mikið farðaðir og gerðir flottir. Þetta er safngripur sem allir ættu að eignast. Ekki skemmir fyrir að fá kippu af kók í kaupbæti til að nota í réttu Eurovision-blönduna.

SILVÍA NÓTT VERÐUR KLASSÍK EFTIR NOKKUR ÁR.




Sirkusmynd – Valli

Hrein húð - tær snilld!



Hreinsar burt fitu og óhreinindi
úr húðinni og dregur úr bólumyndun





HEIMURINN Á



MARGT ÓLÆRT



FÓLK GERIR SIG KLÁRT FYRIR ÁTÖKIN.

Sirkusmyndir – Vilhelm

BORGARASTRÍÐ Í LEIKFÉLAGI AKUREYRAR

„Þetta er fríkað,“ segir Guðjón Davíð Karlsson leikari hjá Leikfélagi Akureyrar. Síðasta mánudag hélt Leikfélagið árshátíð og var hluti af dagskránni að bregða sér upp í skóg rétt fyrir utan borgina í M16-leikinn svokallaða. „Þetta gekk mjög vel. Af því að ég vann,“ segir Guðjón, eða Góí eins og hann er jafnan kallaður. Hópnunum var skipt í þrjú lið og voru tvö þeirra jöfn og deildu því sigrinum. „Ég er nú ekki mikill byssukall og hafði netta fordóma gagnvart þessu. En um leið og maður var kominn inn í skóginn í felubúning-

inn – þá kviknaði á einhverju óeðli,“ segir hann og hlær. Leikirnir ganga út á sígra andstæðinginn í bardaga um að klára viss „mission“ á undan honum. Barist er við andstæðinga með háþrúðum geislarífflum og þegar þú hittir andstæðinginn blikkar hjálmurinn hans. Þá var annaðhvort hægt að koma sér fyrir sem leyniskyttu eða berjast með félögum en meira er hægt að lesa um leikinn á m16.is. „Það voru aðallega Björn Bergsteinn ljósameistari og Óli Egils sem voru hvað atkvæðameistir sem snæperar. Þeir eru leyniskyttur

par exellans,“ segir Góí sem var með harðsperrur eftir átökin. „Þetta tók alveg rosalega á. Maður var skrífandi undir runna og allt hvað eina. Svo var maður orðinn paranojd og farinn að heyra þrusk á bakvið sig öllum stundum,“ segir Góí og sér ekki eftir að taka þátt í þessu ævintýri. Hópurinn fór því næst á Fjöru-borðið og borðaði þar. „Það var rosa góð mæting og allir í góðu skapi,“ segir Guðjón sem ætlar að vera áfram hjá Leikfélaginu næsta vetur. „Þarna er frábært að vera.“

soli@minnsirkus.is



G.I. JANES.



MENN VORU VISSULEGA VÍGALEGR.



ÞAÐ VILL ENGINN LENDA Í SVONA DRÁPSVÉL.



TIL ÞESS AÐ LIFA AF STRÍÐ – ÞARFTU AÐ VERÐA STRÍÐ.



SIGMUNDUR ERNIR ER FORMAÐUR LEIKHÚSRÁÐS LEIKFÉLAGS AKUREYRAR. HANN LÉT SIG ÞVÍ EKKI VANTA Á ÁRSHÁTIÐINA OG GAF MÖNNUM EKKERT EFTIR.



THE FEMALE RAMBO.



FRÍÐRIK FRÍÐRIKSON KEMUR SÉR UNÐAN SKOTI.



„ÉG GEFST UPP!“



ÁLFRÚN ÖRNÓLFSDÓTTIR VAR EINS OG VILLIMAÐUR Í SKÓGINUM.



STELPURNAR STÓÐU SAMAN Í SKÓGINUM.

durex®

love

smokkurinn kominn



Fyrir
alla unga
elskendur

4 fyrir 3



MÁR EGILSSON, HÁSKÓLANEMI.
HOT FYRIR SUMARIÐ: AXLABÖND OG DERHÚFUR. FLOTTAR BÚÐIR Í RVK: GYLLTI KÖTTURINN.

HAUKUR PÁLSSON, NEMI.
HOT FYRIR SUMARIÐ: SKRÚÐBÚINN, GAMALL HERMANNAJAKKI.
FLOTTAR BÚÐIR Í RVK: GYLLTI KÖTTURINN OG NONNABÚÐ.
HEIMIR HÉÐINSSON, PLÖTUSNÚÐUR OG LISTAHÁSKÓLANEMI.
HOT FYRIR SUMARIÐ: HVÍTAR, ÞRÖNGAR GALLABUXUR OG ERMALAUSIR BOLIR.
FLOTTAR BÚÐIR Í RVK: GYLLTI KÖTTURINN OG (ÞESSI SEM MÁ ALDREI AUGLÝSA).



Sirkus-myndir Hörður

FÓLKID Á GÖTUNNI...

AD ÞESSU SINNI FÓR SIRKUS AÐRA LEIÐ EN VANALEGA HVAÐ VARÐAR TÍSKUNA. VIÐ ÁKVÁÐUM AD FÁ MEÐ OKKUR Í LIÐ FÓLKID Á GÖTUNNI. UMHVERFIÐ OG FÓLKID Í KRINGUM OKKUR GEFUR OKKUR INNBLÁSTUR HVAÐ VARÐAR TÍSKU SEM OG ALLT ANNAÐ. ÞESS VEGNA VAR ÁKVEÐIÐ AD FARA Á STÚFANA OG SJÁ HVAÐA HUGMYNDIR FÓLKID Á GÖTUNNI GETUR GEFIÐ OKKUR.

FANNEY BIRNA ÞÓRSDÓTTIR, LAGANEMI OG FLUGFEYJA.
HOT FYRIR SUMARIÐ: HOT PANTS OG GAMALDAGS SUNDBOLIR.
FLOTTAR BÚÐIR Í RVK: SPÚÚTNIK, GYLLTI KÖTTURINN OG TOPSHOP.



HRAFNHILDUR HÉÐINSDÓTTIR, MENNTASKÓLANEMI.
HOT FYRIR SUMARIÐ: FUGLAMYNSTUR OG FJÆÐRIR.
FLOTTAR BÚÐIR Í RVK: GYLLTI KÖTTURINN OG ELSKA
AD FARA Á BÍLSKÚRSSÖLUR.

ANNA PÁLA, LAGANEMI.
HOT FYRIR SUMARIÐ: STÆRSTU SÓGLERAUGUN, ÞVÍ STÆRRI ÞVÍ FLOTTARI.
FLOTTAR BÚÐIR Í RVK: ONI, KRON OG KRON KRON.
SIGGA SUNNA, HÁSKÓLANEMI.
HOT FYRIR SUMARIÐ: GLAÐUR SUMARKJÓLL.
FLOTTAR BÚÐIR Í RVK: KRON, KRON KRON OG SIGURBOGINN.





SEFUR HJÁ KAKKALÖKKUM

HVAÐ HEITIRÐU?
Guðni Rúnar Gíslason.

HVAR ERTU?
Í borginni Xiamen í Fujian-héraði í Suðaustur-Kína.

AF HVERJU?
Gera eitthvað öðruvísi og læra kínversku í leiðinni.

HEIMILISAÐSTÆÐUR?
Gætu varla verið betri ef frá eru taldir allir kakkalakknir sem farnir eru að hnýsast um öll íbúðarhúsnæði í borginni.

DAGUR Í LÍFI ÞÍNU?
Vakna, drep kakkalakknann á klósettinu, fæ mér gufusoðið deig að hætti Kínverja í morgunmat og fer í skólann. Kíki kannski á ströndina ef veður leyfir, skoða mig svo um í öllum ólöglegu DVD- og geisla-diskabúllunum sem faldar eru á bakvið tebúðir og hurðir í veggjum. Kenni svo Kínverjum ensku í 2 tíma og sest svo niður á skrifstofu leigusalans og drekk grænt te með honum og skil ekki neitt.

KOSTIR ÞESS AÐ BÚA Í KÍNA?
Allt er ódýrt. Veðrið er gott og fólkið kemur þér sífellt á óvart.

ÓKOSTIR ÞESS AÐ BÚA Í KÍNA?
Góðir barir eru afar sjaldgæfir, Kínverjar þurfa ástæðu til að skemmta sér. Erfitt að finna gott kaffi og kínverska er með ólíkindum erfitt tungumál. Svo er kínverskt nammi eitt það versta sem ég hef smakkað.

HVERS SAKNARÐU AÐ HEIMAN?
Bæjarins bestu, Sirkuss, Kaffibarsins og auðvitað vína og fjölskyldu.

UPPÁHALDSSTAÐUR Í KÍNA?
Hong Kong er ein af skemmtilegri borgum heims. Hefur allt en því miður á tífoldu verði miðað við aðra staði í Kína. Staður sem væri draumur að búa á í framtíðinni. Annars eru það svalirnar heima með kaldan 20 króna bjór.

ÍSLENDINGAR ERU...
...menningarlegar sinnaðir en maður gerði sér nokkurn tímann grein fyrir og eru með skemmtanálífið á hreinu.

KÍNVERJAR ERU...
...á uppleið og taka fjögur skref í einu. Þurfa samt að læra eitt og annað eins og að bíða í röð svona endrum og eins. Allir mjög vinalegir og með ólíkindum áhugasamir um þessa útlendinga sem þeir hitta á götum borganna.

EIN MANNESKJA SEM ÞÚ BIÐUR AÐ HEILSA
Þá væri ég að mismuna mörgum en það er lítill óskirður drengur sem ég þarf að fá að sjá hjá vini mínum við fyrsta tækifæri.

BANK BANK



BRYNJA PÉTURSDÓTTIR HELDUR DANSNÁMSKEIÐ Í ÁRBÆJAR-ÞREKI Í SUMAR. DANSINN SEM HÚN KENNIR ER EKKI ÓSVIP- AÐUR ÞVÍ SEM SÉST Í TÓNLISTARMYNDBÖNDUM Á MTV.

DANSAD EINS OG Á MTV



BRYNJA PÉTURSDÓTTIR, SYLVÍA LIND, MARDÍS OG GUÐ-RÚN KALLA SIG THE B-CREW.

Arthúr



Burt með eymslin!



Kælir

DEEP FREEZE hlaupið er afar fljótvirkt efni sem snöggkælir sársauka í vöðvum, sinum eða liðamótum. Meðferðin jafngildir góðum köldum bakstri en hefur jafnframt þann eiginleika að ná vel til vöðva. Hlaupið er borið á auma staðinn og því nuddað inn í húðina.

DEEP FREEZE úðinn snöggfristir svæðið sem á að meðhöndla og virkar því eins og staðdeyfilyf. Úðinn hentar vel til að lina sársauka vegna tognunar, mikils álags, gigtar- eða vöðvaverkja, þursabits eða krampa.



Hitar

DEEP HEAT áburðurinn er notaður til að meðhöndla hvers kyns eymsli, gigtaverki og vöðvabólgu. Í áburðinum, sem virkar mjög fljótt, er blanda valinna lyfja sem hita húðina, mýkir auma og stirða vöðva eða vefi og bægir frá sársauka, t.d. vegna mars eða annarra meiðsla. Áburðurinn er fitulaus og smitar því ekki út frá sér í föt eða rúmföt.

Fæst einnig í handhægum úðabrúsa og í vökvaformi til að setja út í baðvatn.

Fæst í Lyfju, Apótekinu, Lyf & heilsu og apótekum landsins

FALLEGASTI FLUGMAÐUR LANDSINS

„ÉG VALDI BARA HLUTI SEM MÉR ÞYKIR
VÆNT UM OG EIGA SKEMMTILEGA SÖGU,“
SEGIR GYÐA BERGS SEM OPNAR KISTUNA
FYRIR SÍRKUS AÐ ÞESSU SINNI. GYÐA ER
VERSLUNARSTJÓRI Í RETRO Í KRINGLUNNI
EN ÞESS Á MILLI LÆRIR HÚN FLUG OG
STEFNIR ÞVÍ ALLT Í AÐ HÚN VERÐI
FALLEGASTI FLUGMAÐUR LANDSINS.

KOMDU OG SKOÐAÐU
Í KISTUNA MÍNA



ÞETTA ER DISKÓKÚLAN SEM RÆÐUR
ÖLLU Á HEIMILINU. HÚN ER INNI Í
LALA-LANDI SEM ER LEIKHERBERGI
FYRIR FULLORÐNA OG ÞAR ER
ALLTAF STUÐ OG STANDPÍNA UM
HELGAR. ÞAR ER DANSað, KJAFTAÐ
OG LEIKIÐ OG AÐ SJÁLFSÖGÐU ER
ÞAÐ DISKÓKÚLAN SEM LEIKUR ÞAR
STÆRSTA HLUTVERKIÐ.



ÞETTA ER SVONA ORKUSTEINN
SEM JÓN ATLI, KÆRASTINN MINN,
GAF MÉR. HANN HREINSAR Í
KRINGUM SIG SEM OG VERNDAR.
ÞAÐ ER MÆLT MEÐ ÞVÍ AÐ HAFI
HANN INNI Í SVEFNHERBERGI ÞVÍ
HANN GEFUR FRÁ SÉR KYNORKU
OG EINSTAKLEGA FALLEGA OG
RÓMÓ BIRTU.



ROBERTO CAVALLI-BUXURNAR MÍN-
AR SEM ÉG ELSKA, ENN OG AFTUR
VAR ÞAÐ JÓN ATLI SEM KEYPTI ÞAR
EN UPPHAFLEGA ÆTLAÐI HANN AÐ
EIGA ÞAR SJÁLFUR. HANN KEYPTI
ÞAR Í „SECOND HAND“-BÚÐ Í BERLÍN
OG FÉLL STRAX FYRIR ÞEIM. EN Í DAG
NOTUM VIÐ BÆÐI BUXURNAR, ÞETTA
ERU STELPU- OG STRÁKABUXUR.



ÞETTA ER EIGINLEGA DÓTIÐ MITT, ÉG
ELSKA AÐ NAGLALAKKA MIG. ÞAÐ ER SVO
SKEMMTILEGT OG ALVEG FRJÁLST, ÞÚ GET-
UR VERIÐ Í GÓÐRA VINA HÓPI OG KJAFTAÐ
OG DÚLLAÐ ÞÉR. SÍÐAN ER HÆGT AÐ GERA
Í ALLSKONAR LITUM OG BARA ALLT. ÞÚ
GETUR SKREYTT ÞIG Í ALLSKONAR LITUM
OG GERT EITTHVAÐ FLIPP FYRIR HELGINA.



ÞETTA ER BOLUR SEM JÓN ATLI KÆRÓ
GAF MÉR, HANN KEYPTI HANN HJÁ AFT-
UR-SYSTRUNUM Í KÖBEN. HANN ER AL-
GJÖRT ÆÐI, BOLURINN, ÞVÍ ÞAÐ ER
SETTUR KÍNVERJI INN Í HANN, SÍÐAN ER
HONUM RÚLLAÐ SAMAN, ÞAÐ ER KVEIKT
Í KÍNVERJANUM OG ÞANNIG KOMA GÖT-
IN. ÞEGAR GÖTIN ERU KOMIN ER SAUM-
AÐ SVONA Í KRINGUM ÞAU OG PERLUR
OG ANNAÐ SKRAUT FEST Í.



HANDBOLTAMENN ERU KOMNIR Í
FRÍ OG GETA FARIÐ AÐ LYFTA SÉR
UPP. TÍMARITIÐ SÍRKUS ER TILBÚIÐ
MEÐ PLÖTUNA, POTTÞÉTT HAND-
BOLTAROKK. GJÖRIÐ SVO VEL!

POTTÞÉTT HANDBOLTA ROKK

Sírkus-myndir Daníel Rúnarsson

1. Creed – With Arms Wide Open
2. Staind feat. Fred Durst – Outside
3. Pearl Jam – Last Kiss
4. Nickleback – How you remind me
5. Live – Dolphins Cry
6. Pearl Jam – Black
7. 3 doors down – Cryptonite
8. Staind – I'ts been a while.
9. Creed – One last breath
10. Live – Lightning Crash
11. Jet Black Joe – Rain
12. Nickleback – Photograph
13. 3 doors down – Here Without You

BONO BLAÐSTJÓRI EIN DAG



12

FÆREYSKA FRÉTTIN



Rockstjórnan Bono er tíðinda-
leiðari á The Independent í dag,
og tað sæst aftur. Öll forsíðan á
The Independent er reyð í dag, og
á henni eru ein friðardúgva, ein
sproyta, tablettir og ein skóltur
saman við orðunum „No News“
(eingi tíðindi). Hugskotið er frá
rockstjórnum Bono, sum er
sloppin at virka sum tíðindaleið-
ari á blaðnum í dag. Sum vera
man nýtir Bono hetta høvið til at
lýsa viðurskiptini hjá teimum fá-
tæku í Afrika og tær plágur, sum
tey hava at stríðast
við so sum sjúkur
og fátækradømi.

BONO ER TÍÐINDA-
LEIÐARI Á THE
INDEPENDENT Í DAG.



Fjórir milljónamiðar fundnir!

**Þeir fundust í:
Biðskýlinu, Mjódd
Select, Suðurfelli
Samkaup-Úrval, Hrísalundi
Select, Suðurfelli**

Finnur þú þann næsta?

Gerir lífið meira spennandi



ANDREA MAACK ER MEÐ SÝNINGUNA DESCENT Í KRON KRON ÞESSA DAGANA. ANDREA HEFUR VERIÐ AÐ SKAPA SÉR NAFN AÐ UNDAFÖRNU SEM LISTAMAÐUR. SÝNINGIN HEFUR VAKIÐ ATHYGLI.



ANDREA MAACK LISTAKONA ER MEÐ SÝNINGUNA DESCENT Í KRON KRON.

TÍSKULEGAR OG BRÚTAL TEIKNINGAR

„Á sýningunni í Kron Kron er ég að vinna með teikningar,“ segir Andrea Maack myndlistarmaður sem er með sýningu í versluninni Kron Kron á Vitastíg. Andrea Maack er einnig betur þekkt sem einn af eigendum Lakkris-búðarinnar sem var staðsett á Laugaveginum þar til fyrir stuttu.

TÍSKULEGAR EN UM LEIÐ BRÚTAL TEIKNINGAR

„Ég útskrifaðist frá Listaháskólanum úr myndlist 2005 og hef haldið nokkrar sýningar frá útskriftinni,“ segir Andrea Maack listamaður. „Ég sýndi á grasrótarsýningunni í Nýlistasafninu núna í október, svo sýndi ég í Kling og Bang í síðasta mánuði og er núna með sýninguna Descent í Kron Kron. Sýningin í í Kling og Bang var samstarfsverkefni, við vorum þrjú að sýna þar. Ég var með skúlptúr, risastóra svedju til að höggva hægri hönd listamannsins en núna er ég með teikningar. Ég hef mikið verið að vinna í skúlptúrum og vopnum upp á síðkastið en fór aðeins öðruvísi að núna. Teikningarnar eru frekar tískulegar þótt þær séu frekar brútal um leið, ég vann soldið út frá sýningarrýminu,“ segir Andrea Maack um verkin á Descent.



HLUTI AF VERKUM Á SÝNINGUNNI DESCENT, PORTRETT ANDREU MAACK

AFLIÐ SEM TOGAR Í MIG


„Titillinn á sýningunni er Descent,“ segir Andrea um titillinn á sýningunni í Kron Kron. „Þetta þýðir í raun að falla niður eða síga niður. En einnig að sturlast í smá tíma, svona „momentarily go crazy“. Í myndunum má kannski sjá að það hefur komið fyrir mig því þar er svona afl sem er að toga í mig. Þetta getur jafnvel verið spurningin um það hvort ég sé þræll eða ekki. Ég er svo með þrjár portrettmyndir af mér þar sem ég stend samt uppi mjög svona „fabulous“. Á myndunum er ég í galla úr Kron Kron og ég vildi hafa þetta mjög

einfalt. Aflið sem ræðst á mig er dökkt, sama hvernig maður les ofan í það, og þetta rauða er smá svona brútal. Síðan er bakgrunnurinn hvítur,“ segir Andrea Maack um teikningarnar á sýningunni.

ÖRSÖGUR ANDREU

„Það sem er skemmtilegt við þessa sýningu er að mér fannst svo áhugavert að teikna“ segir Andrea. „Ég var beðin um að vera með í teiknisýningu og ákvað að prófa það. Þetta er eitthvað sem ég hef ekki gert áður og finnst áhugavert að skipta þessu svona á tvo vegu, það er að segja að vera að vinna með skúlptúra sem eru mjög beinskeyttir og svo teikningarnar sem eru óræðar. En fyrir utan þetta allt saman, þá var ég að byrja í stjórn Nýlistasafnsins og er á fullu í starfsemi þar. Tískan lædist einnig oft inn í listina á öðrum forsendum og síðan er ég með eindálkinn Örsögur Andreu í Mannlífi. Örsögur Andreu eru um samskipti kynjanna. Ég hef mikinn áhuga á því og finnst mikilvægt að hrista aðeins upp í þeirri umræðu á Íslandi,“ segir Andrea Maack sem hefur í mörgu að snúast.

sigga@minnsirkus.is



SPJALLAÐU VIÐ TALHÓLFID

Útvarpsmaðurinn Freyr Eyjólfsson á Rás 2 er með ansi skemmtilegt talhólf sem er svohljóðandi: „Já, þetta er Freyr hérna. Ég næ bara ekki í símann, spjallaðu bara við talhólfid á meðan.“ Þetta er flott kveðja hjá þessum laufletta Geirfugli. Hefði mátt segja takk að lokum eða láta þann sem hringir vita að hann myndi hringja til baka eða eitthvað slíkt. En Freyr er sniðugur og flottur og fær þrjár stjörnur fyrir frumleika. Ég meina, hver spjallar við talhólf?

★★★★☆



MANNAÖFN VIKUNNAR

LÖGLEG – EN AUMINGJA BÖRNIN

Gauthildur Gnurr
Eggþór Bill
Brestir Bjarg
Vigdögg Vald
Fjólar Fránn

➔ HEIMASÍÐA VIKUNNAR

ÓGEDSLEGA FLOTT SÍÐA, SKILURÐU

Heimasíða vikunnar er silvianight.com. Síðan er alveg ótrúlega flott og mikið í hana lagt. Flottar myndir í bland við magnaða uppsetningu. Þó allt þetta Sílvíu-dæmi kunni að fara í taugarnar á einhverjum, þá verður að gefa henni og hennar liði prik fyrir þá miklu vinnu sem lögð hefur verið í þetta batterí. En vinna er orð sem margir listamenn vilja ekki heyra.

14

SIRKUSTVÍFARAR



ARI FREYR SKÚLASON



LÁRA ÓMARSDÓTTIR

Tvífarar vikunnar að þessu sinni eru báðir atorkusamir og hörkuduglegir. Annars vegar er það hinn ungi og efnilegi Ari Freyr Skúlason, vintri bakvörður Valsmanna, og hins vegar fréttakonan skelegga Lára Ómarsdóttir. Bakvörður þeirra Hlíðarendapilta er þekktur fyrir að vera heljarinnar húmoristi og hafa munninn fyrir neðan nefið. Það sama gildir um Láru sem er jú dóttir eins fyndnasta Íslendingins – Ómars Ragnarssonar. Ljós yfirlitum, léttlynd og nauðalík.

NÝTT
Með karmellu-eða
tíramísú bragði



editions

Eins og þú
vilt hafa það!

MAÐURINN SEM BJARGAÐI EUROVISION

ÞAÐ VITA ALLIR AÐ PÁLL ÓSKAR ER EUROVISION-SÉNI. Á HVERJU ÁRI Í KRINGUM EUROVISION ER HANN FENGINN TIL AÐ RÆÐA KEPPNINA OG KEPPENDUR. Á KEPPNISDAG HELDUR HANN SVO HELJARINNAR PARTÍ Á NASA OG ÞAR ER ALLTAF TROÐIÐ ÚT ÚR DYRUM – SAMA HVERNIG ÍSLENDINGUM GENGUR. SIRKUS VILDI FRÆÐAST MEIRA UM ÞESSA ÁSTARSÖGU PÁLS ÓSKARS OG EUROVISION.



Þáll Óskar Hjálmtýsson hefur um nokkurt skeið haldið árlegt Eurovi-son-partí á Nasa. Þar er alltaf troðið út úr dyrum – sama hvernig keppnin fer. Á hverju ári í kringum Eurovision leita fjölmiðlar til Páls Óskars og fá hans álit. En af hverju? Hvað veit hann og af hverju? Sirkus vildi komast að því. „Mín fyrsta Eurovision-minning er frá árinu 1974 og þá er ég fjögurra ára,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson – Eurovison-frík. Hanna Steina, systir Páls, sagði honum að horfa vel á sjónvarpið því það væri að koma maður með mjög skríttinn gítar. „Þessi maður var Björn Ulvaeus í ABBA og gítarinn hans var svona stjörnulaga. Síðan hlupu Frida og Agnetha inn á svið og tóku Waterloo,“ segir Páll en þetta ár vann ABBA eins og frægt er orðið. „Ég man samt betur eftir keppninni 1975 þegar Holland vann með Ding-a-dong.“

WATERLOO FYRSTA PLATAN

„Fyrsta hljómplatan sem var keypt handa mér var Waterloo,“ segir Páll Óskar. „Ég man eftir því þegar pabbi fór með mig í hljóm-plötudeild Fálkans, sem þá var og hét, og spurði afgreiðslukonuna: „Áttu Waterloo?“ Ég hnippi í hann og sagði: „Nei, pabbi, áttu ABBA?“ Einn með allt á hreinu strax,“ segir hann og hlær. Hann segir að þá hafi boltinn strax farið að rúlla. „Það var alltaf fylgst með keppninni á mínu heimili. Svo þegar ég kom í menntaskóla fórum við krakkarnir að hópa okkur saman til að horfa á keppnina. Við klæddum okkur upp í búninga og hver og einn var kannski fulltrúi ákveðinnar þjóðar. Eurovision-hitinn í mér fór hækkandi á sama tíma og allra Íslendinga árið 1986 – þegar við tókum fyrst þátt,“ segir hann.

EUROVISION VIRKAR ALLTAF

Páll segir að Íslendingar séu meiri aðdá-endur Eurovision en þeir geri sér grein fyrir. „Þegar ég var tvítugur fór ég að vinna á Aðal-stöðinni og var þar með þátt sem hét Sætt og sóðalegt. Í þessum þætti var ég fyrst og

„ÞAÐ VAR EKKERT MÁL FYRIR MIG OG REYNI AÐ HAFA BEIN ÁHRIF Á ÞESSA DÓMNEFND OG HVETJA ÞAU ÖLL TIL AÐ GEFA EISTLANDI FULLT HÚS, AF ÞVÍ OKKUR FANNST ÞAÐ LAG VERA FLOTTAST. OG VITI MENN, ÍS-LAND GAF EISTLANDI 12 STIG ÁRIÐ 1996.“

fremst að spila diskótónlist sem var tabú, rétt eins og Eurovision. Ég átti til að draga fram úr plötusafninu mínu Eurovision-plöt-urnar mínar og síminn varð rauðglóandi. Fólk var að hringja inn og sagði: „Vá, ertu að spila þetta? Ég var búinn að gleyma því að þetta lag er til – og hvað þetta er gott lag.“ Fólk var til dæmis búið að gleyma því hvað A ba ni bi væri gott lag,“ segir Páll. „Ég tek alltaf mína Eurovision-syrpu þegar ég er að spila og það er bara segin saga. Það verður allt tjúllað. Það er einhver orka í gangi sem virkar.“

EKKERT ÖMURLEGRA EN HÚMORSLAUS EUROVISION-AÐDÁANDI

Það að vera Eurovision-aðdáandi er fyrst og fremst gaman að sögn Páls Óskars því þú hefur nóg að gera. „Þetta er 50 ára gömul keppni og það er nóg af smáskífum fyrir þig að safna ef þú ætlar að fullkomna safnið,“ segir hann. Þá er þetta gott áhugamál fyrir tónlistarfólk, þá sem hafa áhuga á beinum útsendingum, því keppnin hefur haldist í hendur við þær tækniframfarir sem gerast hverju sinni. Einnig er þetta gott áhugamál fyrir þá sem hafa áhuga á tísku og „hár-greiðslum frá helvíti“ að sögn Páls. „Síðan er þetta áhugamál fyrir húmorista. Það er lykil-atridið í þessu máli. Það er ekkert jafn ömur-legt og Eurovision-aðdáandi sem hefur ekki húmor fyrir þessu. Svoleiðis addændur eru vissulega til en sem betur fer er hægt að telja þá á fingrum annarrar handar,“ segir Páll.

90% LAGANNA DRASL

„Mitt álit er að 90% af þessum lögum sem koma þarna fram eru drasl,“ segir Páll ákveðinn. „Svo leynast þarna inni á milli kannski sjö prósent sem eru bara ædisleg lög, einhverjir töfraz í gangi. Þrjú prósent eru svo bara tímalaus gull og í þessu partíi á Nasa reyni ég að gera mitt besta til að spila bara þessi ædislegu lög og sérstaklega þessi gull. Það er alveg nóg til af þeim.“

GEMMÉR PENING – OG ENGAR SPURNINGAR

Það er án efa mikil upplifun að fá að taka

„ÞAU GÁFU MÉR TVO DAGA TIL AÐ HUGSA MIG UM. ÉG LAGÐIST UNDIR BJARNARFELD OG KOM TIL BAKA OG SAGÐI: „ÓKEI, ÉG SKAL GERA ÞETTA. LÁTIÐ MIG BARA HAFA PENING OG ENGAR SPURNINGAR, TAKKI!“ OG ÞAU SÖGÐU JÁ. LÍTIÐ VISSU ÞAU HVAÐ ÉG VAR AÐ PLANA.“

Þátt í Eurovision og stíga á svið þegar millj-ónir manna eru að horfa. Hvað þá ef maður er forfallinn Eurovision-aðdáandi. Páll Ósk-ar fékk símtal frá forsvarsmönnum RÚV skömmu eftir að hann hafði gefið út plötuna Seif og tilkynnt að stofnunin hefði ekki bol-magn til að halda undankeppni. Honum var því boðið að vera fulltrúi Íslands. „Þau gáfu mér tvo daga til að hugsa mig um. Ég lagðist undir bjarnarfeld og kom til baka og sagði: „Ókei, ég skal gera þetta. Látið mig bara hafa pening og engar spurningar, takk!“ Og þau sögðu já. Lítið vissu þau hvað ég var að plana,“ segir Páll Óskar en allir Eurovision-sérfræðingar muna eftir atriði hans – sem og flestir áhorfendur.

KEPPNIN VIÐ DAUÐANS DYR

Páll segir keppnina hafa verið á niðurleið þegar ákvörðunin var tekin um að senda hann. „Keppnin vissi ekkert hvert hún ætlaði að fara og það var ýmislegt athugavert við þessa stigagjöf. Áhorfendur stóðu oft upp óá-nægðir með úrslitin. Uppáhaldslögin mín voru nær alltaf í síðustu sætunum. Þetta var rosalegt Enyu-rugl. Allir vildu Enyu kveðið hafa. Alltaf enskumælandi lög sem unnu. Ír-land alltaf í efsta sæti og England í öðru.“

Páll hafði sjálfur komist í kynni við dóm-nefndarstörf í Eurovision árið 1996. „Ég labba inn í þetta litla herbergi á RÚV. Þá eru þarna tólf eða fjórtán manns. Þetta voru ég og Reynir Eurovison-spekingur, ein ung-lingsstelpa, Eva María Jónsdóttir var þarna líka á vegum Sjónvarpsins. Restin var ein-hverjar húsmæður og trukkadræverar. Sem höfðu ekkert fylgst með keppninni. Þau höfðu ekki heyrt neitt af þessum lögum, ekk-ert verið að skoða músíkvídeóin og höfðu ekki hugmynd um hvað þau voru að gera þarna. Það var ekkert mál fyrir mig og Reyni að hafa bein áhrif á þessa dómnefnd og hvetja þau öll til að gefa Eistlandi fullt hús, af því okkur fannst það lag vera flottast. Og viti menn, Ísland gaf Eistlandi 12 stig árið 1996. Ég fórnaði höndum og ranghvolfdi augun-um og sagði: „Það er ekki skrítið að Enya hafi unnið þetta ár eftir ár.““

ÁKVAÐ AÐ GERA EITTHVAÐ TJÚLLAÐ

Páll hafði frétt að EBU (European Broad-cast Union, sem heldur keppnina) ætlaði að gera tilraun með símakosningu árið sem hann fór út. „Ég hugsaði: Hvernig væri að fara þarna út og gera eitthvað gjörsamlega tjúllað? Lag sem er varla með kórus. Lag sem hefur enga Eurovision-uppyggingu, þannig lagað séð. Hvernig væri að koma með lag sem væri í takt við þessa klúbbastemningu sem var í gangi í Evrópu á þessum tíma? Músik sem ég fíla. Hugmyndin á bak við Minn hinsta dans kom bara samstundis, í einni svipan. Allt heila atriðið, sófinn, stelp-urnar, leðrið, kóreograffían og allt,“ segir Páll en lagið fjallar um manneskju sem er búin að ná sínum botni. „....og maður getur getið í eyðurnar hvað þessi gaur er búinn að vera að gera með þessum stelpum sem liggja þarna í kringum hann. Einhver manneskja sem er búin að vera að bilast úr gervipörfum en þegar lagið er sungið gerir hún sér grein fyrir því að það er bara ein leið út. Líf eða dauði. Þarna togast á bæði eftirsjáin og sorg-in í laginu. En klúbburinn er aldrei langt undan. Ég fíla þetta lag alveg í botn. Trausti Haraldsson lagasmiður átti þarna mjög sterkan leik. Ég horfði á þessa keppni aftur um daginn og ég myndi ekki breyta neinu. Þetta var nákvæmlega eins og það átti að vera.“

LENTI Í TUTTUGASTA SÆTI EN SAMT SJÖTTA

Ósýnilegu dómnefndirnar gáfu Páli ræki-legan skell. Þjóðirnar sem voru með síma-kosningu tóku aftur á móti þessu uppátæki vel. „Ég lenti í 20. sæti með 18 stig. Ef síma-kosningin hefði verið reiknuð út ein og sér hefði ég endað í sjötta sæti. EBU sá í hendi sér að þarna er of stórt gat á milli. Þeir lögðu undir símakosninguna og hvað gerist árið eftir? Transa frá Ísrael, Dana International, vinnur keppnina með danslagi. Í öðru sæti er England, líka með danslag. Í fjórða sæti er Holland, líka með danslag. Þetta hafði aldrei gerst áður. Að á topp fimm væru þrjú lög sem væru í einhverjum takti við sinn



samtíma. Eftir þetta rauk kepnin upp í áhorfi. Ég er mjög stoltur af að hafa átt ein-hvern þátt í því að bjarga Eurovison.“

HOMMAR ELSKA EUROVISION

Svo virðist sem aðdáendahópur keppn-innar í heild samanstandi af samkynhneigð-um einstaklingum. Af hverju?

„Já, samkynhneigðum karlmönnum.

„MÉR FINNST SILVÍA NÓTT ÆDIS-LEG. SILVÍA NÓTT ER HÆTTULEG STJARNA.“

Hommum. Ég held að sennilegasta útskýr-ingin sé hárgreiðslurnar,“ segir Páll og hlær. „En svona án gríns, þegar ég hef verið að spyrja þetta gay lið sem mætir á hverja ein-ustu keppni, þá finnst einum hommanum alltaf jafn fyndið að sjá sömu þjóðirnar klappa hver annarri á bakið þegar kemur að stigagjöfinni. Annar hefur áhuga á hár-greiðslum og glamúr. Þriðji hefur áhuga á tónlist. Hvað mig varðar, þá er ég að leita að flottum lögum til að geta dj-ast með. Ég er að leita að gullinu sem leynist þarna á milli. Ég vil sjá einhvern performer, ég vil sjá ein-hverja stjörnu gera eitthvað geggjáð á svið-inu.“

FRÆNDUR ERU FRÆNDUM BESTIR

Það er alkunna að frændþjóðir standa saman í Eurovision en Páll segir það ekki ráða úrslitum. „Frændur klappa frændum á bakið. Það hefur ekkert breyst í 50 ára sögu keppn-innar. Þjóðirnar eru hver annarri hliðhollar. En svo koma alltaf einhver tvö til þrjú lög sem berjast um fyrsta sætið. Burtséð frá því hvað-an þau koma. Það er annað hvort vegna þess að flytjandinn gerði eitthvað geggjáð eða þá að lagið er svo gott. Þarna er ég svo ánægður með útkomuna úr símakosningunni. Hún er komin til að vera,“ segir Páll.

SILVÍA NÓTT ER HÆTTULEG STJARNA

Það er ekki hægt að sleppa Páli Óskari án þess að spyrja hann um Silvíu Nótt. Þegar þetta er ritað er frammistaða hennar í und-ankeppninni óskrifað blað. „Lagið hjá hon-um Þorvaldi Bjarna er betra og meira gríp-andi en If I had your love. Það er alveg ljóst. Og lagið skiptir máli. Mín skoðun er að lagið komi fyrst, og svo flytjandinn. Það er ekkert

verra en flytjandi sem á að bjarga einhverju ömurlegu lagi frá glötun. Það er ekki hægt. Þannig að Silvía Nótt er með ofsalega gott efni í höndunum fyrir það fyrsta.“

En Silvía sjálf?

„Mér finnst Silvía Nótt ædisleg. Silvía Nótt er hættuleg stjarna. Þetta er fyrsta pönkið sem Íslendingar fá beint í æð í fjöldamörg ár. Svo er þetta alveg frábær gjörningur hjá þeim þarna úti. Þetta er leiksýning sem tekur viku í sýningu. Ég er líka spenntur fyrir því að sjá hvernig hún stendur sig í Mýrinni: Vegna þess að ef Ágústa Eva getur höndlað drama-tík jafn vel og hún höndlar kómík, þá er stór-leikkona fædd,“ segir Páll Óskar. Hann segir aðallúxusinn vera þann að við erum síðust í röðinni. „Það er ekkert slor að vera síðastur í röðinni, einni mínútu áður en fólk tekur upp gemsann,“ segir hann.

HLAKKAR MEST TIL AÐ SJÁ MÓDEL

Þessa dagana dúllar Páll sér við gerð sinn-ar næstu plötu sem er dansplata. „Ég er að gera diskóplötu. Hún er ekki einu sinni hálfnuð þannig að það er aðeins of snemmt að fara að spá í það hvernig platan verður. Það er eins og fara að spá í því hvort fjögurra mánaða fóstur hafi augn hans pabba síns. Ég spái því að hún komi út næsta sumar,“ segir Páll. „Þangað til er ég auðvitað á fullu að spila með Moniku og Milljónamæringun-um og svo er auðvitað þetta Eurovision-partí á Nasa,“ segir Páll en í partíinu koma fram Selma, Icy, Módel, Stebbi og Eyfi og vita-skuld Páll Óskar. „Ég hlakka eiginlega meira til að sjá Módel á sviði, taka lagið Lífið er lag, en að sjá sjálfa keppnina á RÚV,“ segir Páll og hlær.

„Ástæðan fyrir því að mér finnst svo ynd-islegt að spila á þessu balli á Nasa er sú að þetta er eina skiptið á árinu þar sem fólk kemur og biður um óskalög og það veit ná-kvæmlega hvað það er biðja um. Fólk kemur til mín og segir: „Spilaðu Spán þegar það lenti í 5. sæti 1990, takk!““

solí@minnsirkus.is

17

Texti: Sólmundur Hólm Sólmundarson. Myndir: Teitur. Fáni: Ellingsen. Bolur: zara.is
Förðun: Ragnhildur Thorsdóttir – EMM School of makeup.

**PAPINOS
VIRKA**

**Stór pizza
með 2 áleggjum
+ ítalskur ís
kr. 1.299**



Höfum opnað í Grafarvogi!



Sími: 5 9 12345



Opið virka daga frá 16:00 til 22:00. Um helgar frá kl. 12:00 til 22:00

Hverafold 1- 5, Grafarvogi

Núpalind 1, Kópavogi

Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði



1



2



3

KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

Hver er flottasti maður landsins? Það er kærastinn minn, hann Frikki.
Drykkurinn? Smirnoff Ice.
Hvað á að gera í sumar? Kannski ég reyni að kíkja til Köben eða eitthvað.

ANITA JÓNSDÓTTIR

Hvað er best við Reykjavík? Djarnnið.
Hvað er best við þynnu? Liggja heima og gera ekki neitt.
Með hvaða manni langar þig mest í helgarferð upp í bústað? Brad Pitt.

MARINA KOVASEVIC

Hvert er þitt aðalsmerki á dansgólfinu? Hef ekkert svoleiðis.
Fallegasti staður í heimi? Bosnía-Herzegóvína.
Skiptir stærð máli? Fer eftir því hvað talað er um...

PRAVDA-PRINSESSAN 2006

PRAVDA Í SAMSTARFI VIÐ SÓLBAÐSSTOFUNA SMART OG SMIRNOFF STEND-UR FYRIR KEPPNINNI PRAVDAPRINSESSAN 2006. HALDNAR VERÐA ÁTTA UNÐANKEPPNIR, EIN Í HVERJU BLAÐI OG ER ÞESSI NÚMER SJÓ. SIGURVEGARINN ÚR HVERRI KEPPNI FER SÍÐAN Í LOKAKEPPNI ÞAR SEM FERÐ FYRIR TVO TIL EVRÓPU Í BÓÐI ICELAND-EXPRESS ER Í AÐALVERÐLAUN. STELPURNAR Í KEPPNINNI ERU VALDAR Á LAUGARDAGSKVÖLDUM Á SKEMMTISTAÐNUM PRAVDA. FJÓRAR ERU MYNDAÐAR Á HVERJU KVÖLDI OG ÞÆR KEPPA SÍÐAN Í NÆSTA TÖLUBLAÐI SIRKUSS. SÚ SEM FER ÁFRAM Í HVERT SKIPTI FÆR AÐ LAUNUM FIMM TÍMA LJÓSAKORT HJÁ SÓLBAÐSSTOFUNNI SMART AUK 10 ÞÚSUND KRÓNA INNEIGNAR Á SKEMMTISTAÐNUM PRAVDA. KJÓSTU ÞÍNA UPPÁHALDSSTÚLKU.

VELDU ÞÍNA PRINSESSU

- ✓ SENDU SMS OG VELDU ÞÍNA PRAVDAPRINSESSU
- ✓ ÞÚ SENDIR SMSIÐ JA „NR“ Á SÍMANÚMERIÐ 1900
- ✓ EF ÞÚ VILT TIL DÆMIS GEFA STELPU NR 2 ÞITT ATKVÆÐI SENDIR ÞÚ SMS-SKEYTIÐ JA 2
- ✓ MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT Í VALINU GETUR ÞÚ UNNIÐ FÖTU AF SMIRNOFF ICE Á SKEMMTISTAÐNUM PRAVDA
- ✓ 99 KR SMS-IÐ



MARÍA RÓS VANN

Í síðustu keppni var það María Rós Ómarsdóttir sem sigraði og fær hún að launum fimm tíma ljósakort frá sólbaðsstofunni Smart auk 10 þúsund króna inneignar á skemmtistaðnum Pravda.

NÝJUSTU TRENDIN & ALGJÖRT MÖST

LYFJA Í LÁGMÚLA STENDUR FYRIR SÍNU EFTIR STÓRGÓÐAR BREYTINGAR. AÐ FARA Í APÓTEKSRÚNT ER ALGJÖRT ÆVINTÝRI OG ÞVÍLÍKT MIKIÐ FJÖR Á SUMRIN.

STRÁKASTÖFF

RÓANDI OLÍA FRÁ CLARINS SEM BER AÐ NOTA FYRIR RAKSTUR. AUÐVELDAR RAKSTUR OG NÆRIR HÚÐINA VEL. **2.971 KR.**

ZIRH-SKRÚBB SEM DJÚP-HREINSAR OG LOKAR HÚÐHOL-UM. BLEYTIÐ ANDLITIÐ, SKOLIÐ OG NUDDIÐ LÉTT. SKOLIÐ ANDLITIÐ VEL OG ENDURTAKIÐ 2-3 SINNUM Í VIKU. **1.526 KR.**

MEGA-MUSHROOM ANDLITS-KREM ÆTLAÐ ÖLLUM, KONUM OG KÖRLUM. **1.569 KR.**

ROLLON, BLAUTUR, FRÁ DAVIDOFF **1.759 KR.**

ANDLITS- OG LÍKAMSKREM FRÁ ESTÉE LAUDER. **2.539 KR.**

ATER SHAVE, BALDESSAMINI, FRÁ HUGO BOSS. **4.179 KR.**

ROLLON, ÞURRT, FYRIR ÞÁ SEM VILJA ÞAÐ. **1.345 KR.**

SJAMPÓ OG NÆRING FRÁ TONI OG GUY ERU MJÖG GÓÐ. ÞESSI ERU FYRIR ALLAR HÁRTÝPUR. **990 KR.**

ANDLITSKREM SEM SPORNAR GEGN ÖLDRUN HÚÐARINNAR, NÆRIR OG GEFUR FERSKAN LJÓMA. KREMIÐ STYRKIR OG VERNDAR. **2.135 KR.**

STELPUSTÖFF

ÓLÍFU-LÍKAMSKREM, JURTAKREM SEM ER MEÐ JÓMFRÚAROLÍU, VEITIR RAKA OG GERIR HÚÐINA SLÉTTA OG GÓÐA. **1.398 KR.**

NÝIR SUMARLITIR Í NAGLALAKKINU FRÁ ESTÉE LAUDER, ALGJÖRT MÖST Í SUMAR. **2.288 KR.**

GEL DOCCIA SCRUB, MARGIR ILMIR. FRÁBÆR KORNÞÁPA SEM HEFUR TVÖFALDA VIRKNI. HÚN ER RAKAGEFANDI OG DJÚPHREINSANDI. **883 KR.**

FREYÐIBAÐ FRÁ MIRRA MIRRA SEM HREINSAR OG MÝKIR HÚÐINA. **2.393 KR.**

KÆLANDI AUGNGEL FRÁ ELIZABETH ARDEN SEM DREGUR ÚR ÞROTA OG DÖKKUM BAUGUM. NAUÐSYNLEGT EFTIR VÖKUNÆTUR.

HANDSÁPUR SEM ILMA YNDISLEGA. ÞETTA ERU JURTAÞÁPUR OG ER ÚRVALIÐ EINSTAKT. **489 KR.**

EINS OG VITAÐ ER ERU FLESTAR STJÖRNUMARNAR KOMNAR MEÐ SINN ILM OG AÐ ÞESSU SINNI ER ÞAÐ WATERFALLS-ILMURINN HENNA CINDY CRAWFORD SEM ER AÐ SLÁ Í GEGN. **3.599 KR.**

PEACE OF MIND FRÁ AVEDA. ÞAÐ Á AÐ BERA 2 DROPA Á HNAKKA, GAGNAUGU OG EYRNASNEPLA. HUGURINN STILLIST OG ÁHYGGJURNAR HVERFA. **1.572 KR.**

VARAKREM SEM ÞÉTTIR OG STINNIR. ELIZABETH ARDEN KREM FYRIR ALLA. **2.807 KR.**

20

SIRKUS ÓSKAR SÉR...

Søstre Grene's Skemmtileg myndaalbúm, skemmtilegt að skoða flottar myndir í almennilegum umbúðum. 159 kr.

Hygea í Smáranum Nýja sumarlúkkið fyrir varir, augu og svo er líka púður. 4.900 kr.

Home Art í Smáralind Flottir stíkar með steinaskrauti frá 1.490 kr. og upp úr.

Lyfja í Smáralindinni Frábært kitt sem tekur mann í gegn á 1.790 kr.

Tiger Það þarf ekki að kosta miklu til að verða tónlistarmaður, þessar hristur eru á 200 kr.

Søstre Grene's Flotir pottaleppar úr á 49 krónur.

Það er klikkað hvað **KLINKið** endist

KLINKtilboð



Salsa kjúklingaborgari 350



Ostborgari 200



Ís í bikar 150



LISTIN AÐ SJÁ

FJÓRIR FRAMBÆRILEGIR OG UNGIR LJÓSMYNDARAR SEGJA OKKUR SMÁSÖGU, GEFA OKKUR LÉTTA INNSÝN Í LJÓSMYNDARALÍFIÐ OG LJÓSTRA UPP LEYNDARMÁLUM.



SAGA SIG, 19 ÁRA, Á LAUSU

Hvers vegna ljósmyndun? Það er einfaldlega bara svo óendanlega gaman og gefandi.
Hvar lærðir þú? Ég eignaðist fyrstu myndavélina mínar þegar ég var átta ára. Síðan hef ég bara lært sjálf og með fíkti. Páll Bergmann og Steinar Hugi eru þeir sem kenndu mér á stúdóljósin og Páll hefur verið duglegur að gefa mér góð ráð í sambandi við tæknileg atriði.
Það besta við bransann? Hvað þetta er ótrúlega gaman, maður er alltaf að skapa eitthvað. Vinnur með og kynnist fullt af skemmtilegu fólki.
Það erfiðasta við bransann? Það er kannski ekkert neitt eitt sérstaklega erfitt þegar þú hefur gaman af þessu en það er stundum þreytandi og erfitt þegar myndatökurnar standa langt fram á nótt.

Valdi þessar myndir því þetta eru myndir úr síðustu seríu sem ég tók þar sem þemað var horror.



„ÞETTA ER EINFALDLEGA BARA SVO ÓENDANLEG GAMAN OG GEFANDI.“

Auðveldasta viðfangsefnið? Það er auðvitað frábært þegar móðelin eru góð, örugg með sig og fótógenísk, þá gengur myndatak-an vel fyrir sig.
Fólk eða náttúrulífsmyndir? Þegar ég var yngri tók ég nær eingöngu náttúrulífsmyndir. Núna tek ég eiginlega bara myndir af fólki og ég held að mér finnst það skemmtilegra, oft meira krefjandi.
Hvað einkennir þínar myndir? Ég legg mikið upp úr förðuninni og stílíseringunni. En mér finnst ég samt eiga meira í myndinni og næ því betur fram sem ég er að hugsa en ef ég myndi bara stilla ljósin og ýta á takkann. Annars eru myndirnar mínar mjög fjölbreyttar.
Þrennt mikilvægt við ljósmynd að þínu mati: Myndbygging, lýsing og að myndefnið segi einhverja sögu eða gripi augað, sé


áhugavert á einhvern hátt. Annars eru engar reglur um góða ljósmynd held ég, og ef það eru reglur eru þær til að brjóta. **Fallegasta mynd að þínu mati?** Vá, get ekki svarað þessari spurningu. Það er til svo fáránlega mikið af flottum myndum. **Uppáhaldsljósmyndarar?** Terry Richardson, Annie Leibovitz, David LaChapelle. Annars finnst mér mjög margir góðir ljósmyndarar hér á Íslandi og margir ungir sem eru að gera góða hluti, til dæmis David Terrazas og Baldur Kristján. Svo er það auðvitað Ari Magg, hann er sennilega besti íslenski ljósmyndarinn. **Á hvað ertu að mynda?** Ég á Canon eos 10d og Canon eos 300. **Hvaða einn einstakling í samfélaginu værir þú til í að ljósmynda?** Vá, það eru svo margir. Væri til dæmis til í að mynda Björk. **Hvaða einstakling væri erfitt að ljósmynda?** Aðra ljósmyndara.



HÖRÐUR SVEINSSON, 25 ÁRA, Í SAMBÚÐ MEÐ EITT BARN OG ANNAD Á LEIÐinni

Hvers vegna ljósmyndun? Hvers vegna ekki?
Hvar lærðir þú? Er að læra í augnablikinu í Medieskolerne í Viborg í Danmörku.
Það besta við bransann? Fjölbreytileikinn og að geta unnið við það sem ég hef áhuga á.
Það erfiðasta við bransann? Allt harkið.
Auðveldasta viðfangsefnið? Tónleikar og þess konar uppákomur.
Fólk eða náttúrulífsmyndir? Fólk, tvímælaust.
Hvað einkennir þínar myndir? Það verða eiginlega aðrir að dæma um.
Fallegasta myndin að þínu mati? Engin sem ég man eftir í augnablikinu.

Uppáhaldsljósmyndari? Terry Richardson og Hjalti Jakobsson, upprennandi stjarna.
Hvernig hófst þetta? Ég byrjaði á þessu í gegnum námskeið hjá hinum skoska Brian Sweeney sem var starfandi hérna fyrir nokkrum árum.
Á hvað ertu að mynda? Canon 20D.
Hvaða einstakling væri erfitt að ljósmynda? Bigfoot, myndir af honum verða allar sjálfkrafa úr fókus.
Draumamyndavél?: Í augnablikinu langar mig í Yasiku T4, en annars hefði ég ekkert á móti Hasselblad og Phase one bak, en ætli það gerist ekki á sama tíma og ég fæ að mynda páfann.



Mynd af einhverjum bónda sem var tekin fyrir Grapevine, hann býr á Egilsstöðum og fréttin var í sambandi við það að það var verið að leggja rafmagnslínu út af virkjununum og álverinu þarna yfir land hjá bændum á svæðinu.

„ÆTLI ÞAÐ GERIST EKKI Á SAMÁ TÍMA OG ÉG FÆ AÐ MYNDA PÁFANN.“



Mynd af Mugison sem ég tók fyrir Vamm, tekið á háaloftinu heima hjá honum.



Þetta er hoppmynd af honum Högna Alvari í góðu stuði.




GUÐMUNDUR FREYR VIGFÚSSON (GÚNDI), 28 ÁRA, EINHLEYPUR

Hvers vegna ljósmyndun? Fyrta skrefið af tveimur til að gerast Spiderman, er enn að leita að erfðabreyttri, geislavirkri könguló. *Hvar lærðir þú?* Í Ljósmyndaskóla Sissu og var síðan hálfgerður nemi hjá strákunum í Diktu, Sissa og Leifur kenndu mér að nota filmu, Christopher Lund kenndi mér síðan á það stafræna. *Það besta við bransann?* Ég fæ að vinna svo mikið. *Það erfðasta við bransann?* Ég vinn of mikið. *Auðveldasta viðfangsefnið?* Veislur og Siggí Hjálmur. *Fólk eða náttúrulífsmyndir?* Skemmtilegast finnst mér að mynda fólk en er farinn að gera meira af landslagi núna, þá aðallega borgarlandslag. *Hvað einkennir myndirnar þínar?* Ætli það sé ekki bara hvað ég er fastur í að nota mjög víðar linsur, síðan finnst mér mikilvægt að

geta hlegið að myndunum mínum. *Prennt mikilvægt við ljósmynd að þínu mati?* Flott lýsing, rétta augnablikið og vönduð myndbygging, annars virkar alltaf að nota bara ber brjóst. *Fallegasta myndin að þínu mati?* Ég á erfitt með að pikka einhverja eina út, ef ég verð að velja einn, þá er það Jan Saudek. Hann er mjög klár, artí og gerir fallegar myndir. *Uppáhaldsljósmyndari?* Það er alltaf að breytast, núna er það Hanspeter Schneider. *Hvaða einn einstakling í samfélaginu værir þú til í að ljósmynda?* Mig langar soldið að mynda Andra Snæ núna eftir að ég las Draumalandið hans. *Hvaða einstakling væri erfitt að ljósmynda?* Það er


alveg hryllilega erfitt að mynda Bart Cameron, ritstjóra Grapevine, hann virðist alltaf vera nývaknaður. *Óskataka?* Dorrit Moussaieff sem Marilyn Monroe á göturistinni *Draumamyndavé!* Mig langar að fara að uppfæra í 1Ds mark II, væri rosa gaman að eiga Hasselblad H2D en hún kannski hentar ekki því sem ég er að gera. *Á hvað ertu að mynda?* Canon eos 1Ds.

pylsugerðarmaður í frankfurt, ábyggilega sá svalasti í þýskalandi, veit samt ekki hvað hann er að meina með myndinni af svininu.



Hluti af seríu sem ég og Sóley hjá EMM gerðum fyrir Cafe Oliver, ég átti aldrei von á að hún gæti komið svona mikilli mjólk upp í sig og brá svo mikið þegar hún spýtti að ég endaði flatur á gólfinu.

„ALVEG HRYLLILEGA ERFITT AÐ MYNDA BART CAMERON, RIT-STJÓRA GRAPEVINE.“



ÍRIS DÖGG EINARSDÓTTIR, 22 ÁRA, Á FÖSTU MEÐ BIRNI STEFÁNSSYNI

Hvers vegna ljósmyndun? Ég hef rosalega gaman af allri list. Ég hef ofboðslega gaman af skemmtilegum karakterum og ég er ofboðslega forvitin að eðlisfari. Þannig að mér finnst ljósmyndun sameina öll þessi áhugamál hjá mér. Ég er gjörsamlega heilluð af ljósmyndum. *Hvar lærðir þú?* Ég kláraði grunnnáám í ljósmyndun frá Medieskoleme í Danmörku. Ég er í þínu pásu frá náminu en stefni á að klára það þegar aðstæður leyfa. *Það besta við bransann?* Það er bara alltaf gaman að skapa eitt-hvað og skilja eftir sig þínu sögu. *Það erfðasta við bransann?* Hörd samkeppni og mikið af góðum ljósmyndurum í dag. *Auðveldasta viðfangsefnið?* Ég held að öll viðfangsefni séu

auðveld ef þú lætur það vera auðvelt. *Fólk eða náttúrulífsmyndir?* Ég er persónulega ekkert hrifin af því að taka náttúrulífsmyndir. *Prennt mikilvægt við ljósmynd að þínu mati?* Það fer eftir því hvemig ljósmynd þú ert að taka. *Fallegasta myndin að þínu mati?* Mér finnst allar ljósmyndir eiga sinn sjarma. *Uppáhaldsljósmyndari?* David LaChapelle, David Bailey, Liliya Corneli og alveg fullt, fullt fleiri. *Hvað einkennir myndirnar þínar?* Ég er svo ný í bransanum að ég er ekki með neinn einkennandi stíl í mínum myndum. En ég er


ofboðslega hrifin af draumkenndum myndum. *Hvaða einstakling væri erfitt að ljósmynda?* Allir hafa sinn sjarma *Óskataka?* Forsöðuna á i-d. *Á hvað ertu að mynda?* Ég er að mynda á Canon 20D.

„ÉG HELD AÐ ÖLL VIÐFANGSEFNI SÉU AUÐVELD EF ÞÚ SJÁLFUR LÆTUR ÞAÐ VERA AUÐVELT.“




Valdi þessar af því ég er frekar ánægð með þær og önnur var tekin á digital og hin filmu.





KRAFTMIKILL OG VINNUSAMUR HÖNNUÐUR

DRIES VAN NOTEN ER FÆDDUR ÁRIÐ 1958 INN Í KLÆÐSKERAFJÖLSKYLDU Í BELGÍU. FAÐIR HANS ÁTTI FATAVERSLUN OG AFI HANS VAR ÞEKKTUR KLÆÐSKERI. DRIES VAN NOTEN LÆRÐI FATAHÖNNUN Í ANTWERP FASHION ACADEMY ÞAÐAN SEM HANN ÚTSKRIFAÐIST ÁRIÐ 1980. HANN VAKTI ÓSKIPTA ATHYGLI FYRIR HÖNNUN SÍNA ÁRIÐ 1986 Í LONDON. HANN ÁSAMT FIMM ÖÐRUM BELGÍSKUM HÖNNUÐUM („THE ANTWERP SIX“) SÝNDI FRUMRAUN SÍNA. HANN HANNAR UM FJÖGUR KOLLEKSIJÓN Á ÁRI (BÆÐI KONU OG KARLA) HANN VAR ÁÐUR EINNIG MEÐ KRAKKALÍNU SEM ER EKKI LENGUR Í FRAMLEIÐSLU. HÖNNUN HANS EINKENNIST AF FRUMLEGRI PRENTNOTKUN, LITUM OG KLASSÍSKUM EFNUM. DRIES VAN NOTEN VINNUR OG BÝR Í ANTWERPEN OG ER MEÐ NOKKRAR BÚÐIR MEÐAL ANNARS „HET MODEPALEIS“ SEM VAR OPNUÐ Í ANTWERPEN 1989. Í FRAMHALDI AF ÞVÍ VORU OPNAÐAR BÚÐIR Í HONG KONG OG TÓKÝÓ. EKKI NÓG MEÐ ÞAÐ HELDUR SELUR HANN Í YFIR 500 BÚÐIR UM ALLAN HEIM SVO EITTHVAÐ SÉ NEFNT.





MONGOOSE

alvoru fjallahjóla



www.gap.is

FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7

S: 5 200 200 MÁN - FÖS. KL. 9-18. LAU. KL. 10-16

NETIÐ HEFUR RUTT VALDINU FRÁ LJÓSVAKA- OG PRENTMIÐLUM OG NÚ VILL UNGT FÓLK EKKI LÁTA MATA SIG OG SEGJA SÉR HVAÐ ER TÖFF OG HVAÐ EKKI. SÍÐUR EINS OG MINNSIRKUS.IS ERU KJÖRINN VETTVANGUR FYRIR ALLA SEM VILJA KOMA SÉR Á FRAMFÆRI EN ÁTTU ÞESS EKKI KOST ÁÐUR.



ÞÚ VELUR ÞAÐ SEM ÞÉR FINNST FLOTT – EKKI KALLINN Í ÚTVARPINU!

Eitt sinn snérist allt hjá ungu fólkinu um að hlusta á réttu tónlistina, horfa á réttu sjónvarps-þættina og ganga í réttu fötunum – hugtakið „það rétta“ varð til. Fjölmiðlarnir miðluðu sínum kúltúr, sinni tísku, í gegnum útvarps-, blaða- og sjónvarpsmiðlana. Öll markaðssetning, fjölmiðlun og tíska snérist um rétta efnið. Tískunni var stjórnað af ákveðnu fólki í gegnum ákveðna fjölmiðla. Fyrir 20 árum hlustuðu ungmenni á Íslandi á Lög unga fólksins þar sem vinsælustu lögin voru kynnt. Útvarpsstöðin var bara ein og það var bara einn þáttur með lögum unga fólksins. Það sem þú heyrðir þarna var það eina sem þú heyrðir og því urðu þau lög sjálfkrafa þín uppáhaldslög. Útvarpsmaðurinn gat mótað tónlistarsmekk heillar kynslóðar.

NETIÐ TEKIÐ YFIR
Á síðustu árum hefur netið hins vegar tekið valdið frá tísku- og fjölmiðlakóngunum og fært það unga fólkinu. Netið opnaði menningarheimana upp á gátt þannig að allar hugmyndir, straumar og stefnur eru aðgengilegar öllu ungu fólki frá blautu barnsbeini. Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi, allt er leyfilegt og allt getur verið í tísku. Þú velur þína eigin tísku, ekki kallinn í útvarpinu eins og í denn. Fólk vill ekki láta segja sér hvað það á að hlusta eða horfa á. Möguleikarnir eru endalausir fyrir þessa kynslóð og það eina sem fjölmiðlarnir geta gert er að reyna að bjóða upp á mest spennandi efnið og það sem mikilvægara er, að bjóða

FYRIR 20 ÁRUM HLUSTUÐU UNGMENNIN Á ÍSLANDI Á LÖG UNGA FÓLKSINS ÞAR SEM VINSÆLUSTU LÖGIN VORU KYNNT. ÚTVARPSSTÖÐIN VAR BARA EIN OG ÞAÐ VAR BARA EINN ÞÁTTUR MEÐ LÖGUM UNGA FÓLKSINS. ÞAÐ SEM ÞÚ HEYRÐIR ÞARNA VAR ÞAÐ EINA SEM ÞÚ HEYRÐIR OG ÞVÍ URÐU ÞAU LÖG SJÁLFKRAFA ÞÍN UPPÁHALDSLÖG.

þeim upp á mest spennandi vettvanginn, umgjörðina. Þessi þróun er að breyta starfsháttum fjölmiðlafyrirtækja þannig að þau þurfa ekki einungis að bjóða upp á áhugavert efni heldur einnig rétta „plattformið“.

VINATENGSLAVEFIR OPNA MARGAR DYR
Með tilkomu svokallaðra vinatengslavefja hefur netið orðið að aðalfundarstað ungs fólks. Þessir vefir gera fólki mögulegt að kynnst á skemmtilegan hátt án þess að fara í gegnum vandræðalegu fyrstu kynnin. Vinatengslavefirnir eru orðnir vinsælasta umhverfi fólks til þess að taka inn allskyns upplýsingar til þess að miðla svo aftur út til sinna vina, síns umhverfis. Þau velja og þau ráða.

Þetta er framtíðarumhverfið í fjölmiðlun. Þú þarft að koma efninu þínu inn á svæðin til einstaklinganna þar sem þeir velja og hafna. Minnsirkus.is er vinatengslavefur en einnig

heimili allra Sirkus-miðlanna. Sirkus-miðlarnir eru FM957, X-ið, Sirkus TV, Sirkus PoppTV og Sirkus Tímarit. Á minnsirkus.is getur fólk bloggað, verið í sambandi við alla vini sína og eignast nýja vini. Ennfremur getur fólk búið til samfélög í kringum áhugamál sín og þannig miðlað þekkingu sinni eða sköpun til vina sinna auk annarra sem það þekkir ekki.

SILVÍA OG NYLON
Silvía Nótt og Nylon-stelpurnar eru nýjustu stjórnurnar til að ganga til liðs við Minnsirkus. Þær eru að blogga á hverjum degi, setja inn myndir og eignast vini. Allir vinir þeirra fá regluleg skilaboð frá þeim send í einkapósthólf sín á Minnsirkus. Þannig geta þessar aðilar miðlað upplýsingum um það sem þeir eru að gera á persónulegan hátt (í gegnum vini sína) og verið í sambandi við fleiri hundruð og jafnvel þúsundir einstaklinga í einu.

Fleiri og fleiri hópar nýta sér minnsirkus.is til að koma sér eða sínu á framfæri. Vefurinn, með núna yfir 13.000 virka notendur, er frábær vettvangur fyrir til dæmis hljómsveitir að koma sér á framfæri. Þar geta þær kynnt sig, dreift tónlistinni sinni, boðið öðrum notendum vefsins að gerast meðlimir í samfélaginu sínu og þannig verið í sambandi við þá. Það sem gerir Minnsirkus einstakan í heiminum er að tvær sjónvarpsstöðvar, tvær útvarpsstöðvar og eitt tímarit eiga heima á vefnum og eru þar sífellt að leita að hæfileikaríku fólki til að vinna með. Hnyttir pennar, framsæknar hljómsveitir auka annarra listamanna geta með viðveru á minnsirkus.is þannig margfaldað líkurnar á að fá lögin sín í spilun í útvarpi, greinar sínar birtar í tímariti eða hugmyndina sína á dagskrá sjónvarpsstöðva. FM957 og X-ið, ásamt öðrum miðlum Sirkuss, eru nefnilega sífellt að leita að nýjum og upprennandi listamönnum. Vefurinn er því einn öflugasti vettvangurinn fyrir hæfileikaríkt fólk að koma sér á framfæri en náði það árangri á vefnum er gefið að aðrir miðlar Sirkuss eigi eftir að bjóðast til að vinna með þeim.



NYLON! STELPURNAR BLOGGA GRIMMT Á MINN-SIRKUS.IS.
MYSPACE ER FYRIRMYNDIN
Erlend fyrirmynd minnsirkus.is er Myspace þó svo að Myspace njóti ekki þeirra augljósu kosta að vera einnig hluti af fjölmiðlaheimi líkt og Sirkus. Á Myspace hafa 600.000 fyrirtæki búið til samfélög til þess að kynna sig og sínar vörur ásamt því að komast í persónulegt samband við viðskiptavinina sína. Á meðal þeirra eru Nike, Pepsi, Toyota auk annarra framsæknustu vörumerkja heimsins. Ennfremur hafa einstaklingar með flestu vinina á Myspace farið út í allskonar viðskipti og listsköpun. Með fleiri (oft hundruð) þúsund vini sem þessi einstaklingar geta verið í beinum samskiptum við hafa allskonar vörur verið framleiddar og seldar. Á minnsirkus.is er Sirkus-heimurinn en þar fá Sirkus-hlustendur, -áhorfendur og -lesendur tækifæri til að búa til og móta þá miðla sem heyra undir heiminn. Valdið er fært til þeirra. Þar geta notendur komið skoðunum sínum á framfæri, hugmyndum og hugðarefnum.

SILVÍA NÓTT! ER KOMIN Á MINNSIRKUS.IS. SKILURU!

X

97.7

X-LISTINN

TOPP 20

SÆTI	FLYJTJANDI	LAG
1.	Mammút	Porkell
2.	Angels And Airwaves	The Adventure
3.	Red Hot Chili Peppers	Dani California
4.	Tony The Pony	Army Of The Sun
5.	Coheed And Cambria	Welcome Home
6.	Snow Patrol	You're All I Have
7.	Benny Crespos Gang	Shine
8.	Korn	Coming Undone
9.	A.F.I	Miss Murder
10.	Dr. Spock	Pumas For Sharif
11.	The Raconteurs	Steady As She Goes
12.	Jakobínarína	His Lyrics Are Disastrous
13.	10 Years	Wasteland
14.	Dikta	Losing Every Day
15.	Panic! At The Disco	The Only Difference
16.	Wolfmother	Woman
17.	Nílfisk	Sometimes In The Summer
18.	The Darkness	Girlfriend
19.	Dr. Mister & Mr. Handsome	Is It Love
20.	Blue October	Hate Me

MAMMÚT Á TOPPNUM MEÐ LAGIÐ PORKELL

FM957

ÍSLENSKI LISTINN

TOPP 20

SÆTI	FLYJTJANDI	LAG
1.	Nylon	Losing A Friend
2.	Nickelback	Savin Me
3.	Shakira Ft. Wydef	Hips Dont Lie
4.	Fall Out Boy	Dance Dance
5.	Gnarls Barkley	Crazy
6.	Jack Johnson	Better Together
7.	Fort Minor	Where'd You Go
8.	Drifskaft	17 Years
9.	Black Eyed Peas	Gone Going
10.	Snorri Snorrason	Allt sem ég á
11.	Teddy Geiger	For You I Will
12.	Kelly Clarkson	Walk Away
13.	Nick Lachey	Whats Left Of Me
14.	Beverly Knight	Piece Of My Heart
15.	Pussycat Dolls	Beep
16.	Girl Next Door	Savin Jane
17.	Jeff Who?	Barfly
18.	Lucas Prada	And She Said
19.	Á móti sól	Hvar sem ég fer
20.	Cascada	Everytime We Touch

NYLON-FLOKKURINN ER Í FYRSTA SÆTI MEÐ LAGIÐ LOOSING A FRIEND.

Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐinni TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS.

SKEMMTISTAÐIR

FÖSTUDAGURINN 19. MAÍ

CAFE OLIVER

Það er sjálfur fönkhundurinn Balli sem sér um að halda stuðinu í hámarki í kvöld. Já, hámarki. Þú ætlar þó ekki að sleppa því að mæta? Líklegt, líklegt dagsins.

HVERFISBARINN

DJ Bjarki ætlar að trylla dansgólfið og fara létt með það. Þú getur ekkert gert í því annað en dansa með – eins og bavianí með skottið á milli lappanna.

BAR 11

DJ Matti á X-fm frá 24–6 mun halda uppi fjöri og látum þar til yfir lýkur. Engir sannkallaðir aðdáendur eiga að láta þetta framhjá sér fara og ekki hinir heldur.



VEGAMÓT

DJ Jói verður í banastuði bakvið borðið í kvöld. Dömunar verða æstar á gólfinu og láta ekki sitt eftir liggja í sexappílnum. Jói kann sitt fag og því er um að gera að þú mætir endalaust hress á aðalstaðinn í bænum.

PRVADA

Húsið opnað kl. 18, Eurovision í beinni og strax á eftir úrslit í trúbadorakeppni háskólanna .. háskólatilboðin í fullum gangi enda próflokapartí-maraþonkveld. Það verður allt vitlaust af háskólaklikki þetta kvöldið og mun dj Hermigervill og dj Stef sjá um að halda uppi mögnuðum mannfögnuði.

THORVALDSEN

Hlynur hinn eini sanni veit nú heldur betur hvað hann syngur þegar kemur að danstónlist. Hann verður í anaaaaaanaaaaa-naaaasstuði á Thorvaldsen um helgina.

CAFE VICTOR

Hljómsveitin Nó Pí spillar milli 23–01 til að hitta upp fyrir nóttina, Carlsberg 5 í fötu á 1.700 og Hot and sweet á spottprís. DJ Þrólli þrjú og þú eftir að Nó Pí eru búnir á því eftir allt stuðið gerir svo kofann fókheldan um eittleitið og sér um að koma þér og þínum í fimmta girinn.



SÓLON

Á Sólón í kvöld er það enginn annar en Brynjar Már sjálfur sem sér um að halda stuðinu á lofti fyrir gesti staðarins. Allir velkomnir á Sólón.

KLÚBBURINN

Í kvöld munu hinir stórgöðu trúbadorar Halli og Kalli halda uppi stuði fram á nótt. Mætið í stuði á dansskónum og hafið það hugfast að dansgólfið er til þess að dansa á.

THORVALDSEN

Daddi diskó verður nú heldur betur frískur á Thorvaldsen í kvöld. Það er engu logið með það. Án djóks.

KRINGLUKRÁIN

Labbi í Mánum, öðru nafni Ólafur Þórarinnsson, fer hér af sinni alkunnu snilld fyrir hljómsveitinni Karma og verður hún með dúndurdansleik báða dagana um helgina. Það verður feiknaþjör og nóg af því. Já, nóg af því.

NASA

Promo/meðía-tónleikar verða haldnir á Nasa þar sem sex flytjendur COD music munu stíga á stokk ásamt Helga Val sem mun hefja kvöldið á léttum gítarslögum. Þeir sem fram koma eru Lay Low, Black Valentine, Benny Crespo's Gang, Future Future, Wulfgang og Dr. Mister & Mr. Handsome.

LAUGARDAGURINN 20. MAÍ



NASA

Eurovison-partí Páls Óskars er að sjálfsögðu á sínum stað og munu margir af okkar flottasta fólki mæta á staðinn og koma gestum og gangandi í opna skjöldu. Meðal annarra munu mæta Helga, Pálmi, Eiríkur, Stebbi & Eyfi, Selma og að sjálfsögðu partíljónið sjálft og gestgjafinn Páll Óskar.

SÓLON

Niðri er það DJ Rikki G sem mun þeyta skífum en uppi er það DJ Brynjar Már, svo ekki láta ykkur vanta þar sem hinir vinsælu útvarpsmenn láta ljós sitt skína.

HVERFISBARINN

I'm Big daba du daba die, Bigfoot. Það er enginn annar en stórfóturinn sjálfur sem spilar á Hvebbanum um helgina. Hvað ætlarðu að gera í því?

GRAND ROKK

I adapt-Innvortis-Hostile, Hardcore punk metal tónleikar og því er um að gera að mæta óþvegin því stutt er í svitakast. Tár, bros og converse-skór eru algjörlega málið.

THORVALDSEN

Hlynur hinn eini sanni veit nú heldur betur hvað hann syngur þegar kemur að danstónlist. Hann verður í bananananananan-ananastuði á Thorvaldsen um helgina.

CAFE OLIVER

Ef þakið hefur einhvern tímann ætlað af Oliver þá er það í kvöld. Það er nú bara ekkert öðruvísi því DJ J.B.K. & Mr. Jack ætla að láta til skarar skrifa og sýna okkur hvernig á að gera þetta.

CAFE VIKTOR

DJ Gunni Afro loksins búinn með prófin og kominn til vinnu. Mættu og misstu ekki af gæjanum með flottasta hár aldarinnar á Café Victor. Hann spilar allt það besta í geimi fyrir þig. Það er bara ekkert annað.

PRAVDA

Húsið opnað kl. 21, exbé-kosningapartí verður að sjálfsögðu í gangi frá kl. 21.00 til 00.00 .. Eurovision í beinni þar sem þetta er nú kvöldið stóra og síðan að sjálfsögðu dj Áki pain á efri hæð og dj Maggi flass á neðri hæð.

HRESSÓ

Laugardagur til lukku má með sanni segja þar sem trúbadorarnir Gotti og Eisi spila frá 22 til 01 en eftir að þeir eru búnir að hita upp er það DJ Maggi sem mun þeyta skífum þar til kviknar í húsinu. Hell yeheyey!

KRINGLUKRÁIN

Söngvarinn og lagasmiðurinn Geiri Sæm og gítaraleikarinn Tryggvi Hubner munu leiða saman hesta sína á Kringlukránni um helgina. Með þeim félögum verða Birgir Baldursson á trommur og Georg Bjartmarsson á bassa. Hver man ekki eftir lögnum Rauðum bíl, Froðunni, Steranum, og Er ást í tunglinu?

KLÚBBURINN

Oxford, sem er eitt efnilegasta og heitasta band landsins um þessar mundir, mun troða upp og trylla lýðinn langt fram á nótt. Munið eftir nafninu – Oxford.

BAR 11

DJ Gulli í Ósóma ætlar að vera með okkur frá kl 24–6, hann kemur til með að stíga á stokk upp úr miðnætti (fyrir þá sem ekki skilja tölur) og heldur þessu partí gangandi þar til amma okkar dettur niður dauð. Til þess þarf hann ekki að finna neina helvítis plánetu.

PRÍKIÐ

Eurovision á stórum skjá með eða án Silvíu... Meistari Maggi Legó sér um músikina og drengirnir í Dr. Mister and Mr. Handsome kíkja eftir miðnætti og rokka húsið...

LANDSBYGGÐIN

DÁTINN

Á föstudagskveldinu er það Substance sem mun sjá um að trylla lýðinn, komið ykkur ekki of vel fyrir því það er stutt í dansfil-inginn hjá þeim.

SJALLINN

Sjallinn á laugardagskvöldi er fjörugur, það er hljómsveitin í svörtum fótum sem heldur stórdansleik. Jónsi og félagar stíga á svið upp úr kl. 01 og má búast við tryllingi hjá kvenþjóðinni enda kynþokkafyllstu menn landsins saman komnir á einu sviði. Betra er því að mæta snemma en síðast var pakkað hjá þeim piltum.

YELLO

DJ. AK mun sjá um fjörið á föstudaginn og því er um að gera að mæta svingandi inn á staðinn svo að allt muni byrja vel. Atli skemmtanalögga er búinn að auðga skemmtanalífið í Keflavík eftir að hann opnaði skemmtistaðinn Yello. Hann mun sjálfur spila á laugardagskvöldið þar til yfir lýkur.

PLAYERS

Það verður heldur betur fjör hjá Hr. Dan á Players um helgina. Í kvöld er það hljómsveitin Start með Eirík Hauksson í fararbroddi sem gerir allt vitlaust. Síðan er Labbi ásamt hljómsveit sinni Karma annað kvöld.



PRÍKIÐ

G og T kvöld. Kvöldinu er startað af Frískó en svo koma DJ Benni, básúnuleikari, rapparari o.fl. með fyrsta G og T kvöld sumarsins... ATH gin og tónik á tilboði... ekki missa af þessu! Að vanda starta perrarnir í Frískó kvöldinu.

HRESSÓ

Hljómsveitin Touch spilar frá 22 til 01 og það er eins gott að enginn missi af því. Að sjálfsögðu þegar þeir eru orðnir þreyttir mun DJ Maggi vera maðurinn um kvöldið, hann þeytir skífum þar til allt er orðið vitlaust.

Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINNI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS.

LISTASÝNINGAR

101 GALLERÍ

Steingrímur Eyfjörð er með sýninguna Bein í skriðu og stendur hún yfir til 3. júní.

GALLERÍ GALILEO

Myndlistarsýning Ernu Guðmarsdóttur. Á sýningunni eru 26 myndverk og myndefnið sótt í íslenska náttúru. Sýningin stendur til loka mánaðarins.

HRAFNISTA Í HAFNARFIRÐI

Eiríkur Smith sýnir á Hrafnistu, málverkasýning hans var opnuð síðasta föstudag á Hrafnistu í Hafnarfirði en eins og fáir en þó nokkrir vita er Eiríkur einn ástsælasti listmálari landsins.

ANIMA GALLERÍ

Björg Örvar sýnir málverk á sýningunni Barnasaga/Fiskisaga og stendur hún yfir til 21. maí. Síðasta helgin, síðustu dagarnir til að kíkja og sjá.

CLASSIC ROCK

Myndlistarsýningin „Slettur“ á veggjum staðarins.

ENERGÍA

Kristín Tryggvadóttir er með sýninguna Rauður þráður í Energíu. Ellefu myndir sem eru raunverulegar myndir úr mannlífinu. Málaðar með blandaðri tækni.

GALLERÍ FOLD

Trygvi Ólafsson er með málverkasýningu í Hliðar- og Efri salnum í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Sýningin er tileinkuð bróður listamannsins, Lofti Ólafssyni, er lést í nóvember síðastliðnum.



GALLERÍ SÆVAR KARLS

Graeme Finn sýnir 300 teikningar sem mynda innsetningu í gallaríinu.

GALLERÍ ÚLFUR

Gallerí Boreas frá New York sýnir verk eftir Adam Bates í Gallerí Úlfi og heitir sýningin Sögur. Hún stendur yfir út maí.

HALLGRÍMSKIRKJA

Sýning á olfúlmálverkum Sigrúnar Eldjárn stendur til 30. maí, síðustu forvöð.

KARÓLÍNA RESTAURANT

Joris Rademaker sýnir ný verk. Sýningin kallast Mjúkar línur.

KETILSHÚSIÐ LISTAGILI

Soffía Sæmundsdóttir sýnir málverk á tré, striga og pappír. Sýningunni lýkur á sunnudag.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS LAUGARNESI

1. og 2. árs nemendur LHÍ sýna afrakstur námskeiðsins Textíll og samtíminn undir leiðsögn Guðrúnar Gunnarsdóttur.

LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR

Fastasýning, Í safninu eru seldar gifsafsteypur af frumverkum listamannsins. Einnig eru til sölu bækur um listamanninn, kort af verkum hans ásamt veggspjöldum af tveimur málverka hans.



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI

Spencer Tunick – Bersvæði, Halla Gunnarsdóttir – Svefnfarar.

LISTASAFN ÍSLANDS

Gunnlaugur Blöndal – Lífsnautn og ljóðræn ásynd og Snorri Arinbjarnar – Máttur litarins og spegill tímans.

LISTASAFN REYKJANESBÆJAR

Sýningin í EYGSJÓN? Sex færeyskir málara.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, ÁSMUNDARSAFN

Ásmundur Sveinsson – Maður og efni. Sýning á úrvali verka úr safneign Ásmundarsafns.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, KJARVALSSTAÐIR

Sýning fyrir unga listunndur sem sett er upp fyrir unga listunndur í tengslum við útgáfu nýrrar bókar Eddu útgáfu. Einnig eru sýndar á safninu innsetningar eftir Joseph Kosuth og Ilja & Emiliu Kabakov sem eru fremstu konseptlistamenn heimsins í dag.

DÍH

Málverkasýning Jóns Inga Sigurmundasonar-Við Ströndina-Í Óðinshúsi, Eyrabakka og mun sýningin vera til 28.mai svo það er um að gera að kíkja og sjá.

LISTHÚS ÓFEIGS

Dominique Ambroise – Sjónhorn.

REYKJAVÍKURBORG

Stella Sigurgeirsdóttir sýnir 20 minningarstólpa til 28. ágúst.

NÆSTI BAR

Undanfarin ár hefur Snorri Ásmundsson þróað með sér andlega tækni í málalartist, verkin hans eru talin hafa lækningamátt svo ekki missa af sýningunni og kannski hausverkurinn hætti.

AFMÆLISSÝNING LJÓSMYNDASAFNS REYKJAVÍKUR

Í telfni af 25 ára afmæli Ljósmyndasafns Reykjavíkur færir safnið ljósmyndaeign sína nær íbúum og gestum borgarinnar. Á útisýningu á Austurvelli, Lækjartorgi og í Fógetagarði gefst áhorfendum kostur á að kanna þetta svæði í gegnum ljósmyndir frá liðinni öld og bera mannlíf og borgarmynd fortíðarinnar saman við Reykjavík dagsins í dag.

SAFN

Kristján Steingrímur Jónsson sýnir nýleg verk sín á grunnhæðinni. Sýning bandarísku listakonunnar Roni Horn heldur áfram.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Sýningin Huldukonur í íslenskri myndlist. Einnig er í gangi sýningin Vís er sá sem víða fer! Sýningaropnun á Þjóðminjasafni Íslands. Eftir heimsókn á Þjóðminjasafnið sköpuðu leikskólabörn myndlistarverk. Þau gerðu myndir af menningararfinum og starfsemi Þjóðminjasafnsins. Myndum barnanna var raðað saman í stóra mósafkmynd sem áhugavert er að skoða.

NÝLISTASAFNIÐ

Sýningin Gæðingarnir með undirtitlinum „In order of appearance“ er í Nýlistasafninu 14. maí til 10. júní. Meðal verka á sýningunni eru kvikmyndir, verk gerð sérstaklega fyrir þessa sýningu, verk sem voru gerð í kjölfar heimsóknar listamannanna til Íslands 2005 og önnur verk sem voru sérstaklega valin með Ísland í huga.

SAFN

Verk eftir listakonurnar Karin Sander & Ceal Floyer verða í Safni. Sýningarnar eru opnar til 2. júlí. Auk verka eftir listakonurnar tvær verða sýnd verk úr safneigninni.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Rjúpnaskyttur hjálpuðu Bryndísi Snæbjörnsdóttur og Mark Wilson að skapa listaverk. Skytturnar skutu haglaskotum á kort af miðborg Reykjavíkur, afköstin eru til sýnis til 11. júní.

HELGIN HJÁ MERKJUNUM



Steingeit (22. des.–19. jan.)

Því meira sem þú nýtur starfsins, því betur gengur þér. Ákveðinn samstarfsmaður leitar ráða hjá þér og þú segir akkúrat það sem viðkomandi þarf að heyra. Orka þín sprettur til afreka í dag, föstudag, og fram yfir helgina reyndar. Þú ert ein/n af þeim sem getur nánast töfrað fram það sem þú kýst að gerist hverju sinni. Þú ert fær um að gera kraftaverk með hugsuninni einni.



Vatnsberi (20. jan.–18. feb.)

Sýnir, fjarskynjun eða draumar sem varða framtíðina virðast einkenna þig ef markað má stjörnu þína. Annars eru kröfur þínar vægast sagt sérvískulegar og þá er minnst á frelsi og einkalíf. Platónsk ást er þægileg og ástríður eru í lagi á meðan þær gleypa þig ekki.



Fiskamir (19. feb.–20. mars)

Rausnarskapur og trúmennska fylgja þér. Það geislar af þér og þú átt auðvelt með að fá fólk á þitt band, hafðu það hugfast yfir helgina að þegar þú vilt og nennir þá ertu alvöru sjarmatröll. En þú elskar vissulega á allan máta, andlega, trúarlega, kynferðislega og platónskt.



Hrítur (21. mars–19. apríl)

Hamingjan er einföld um þessar mundir og fólk nær sambandi við þig, þótt það það nái ekki kannski ekki sambandi við neinn annan. Gerðu allt hvað þú getur til þess að sniðganga eða forðast drama um helgina því það mun ekki enda fallega. Þú átt eftir að fá frábærar hugmyndir sem munu koma þér og góðum vin til góða.



Nautið (20. apríl–20. maí)

Þú ert mjög viðkvæm/ur í dag og yfir helgina. Í dag færðu tækifæri til þess að búa til reglur sem hjálpa þér við að koma eins fram við alla. Eitt stærsta verkefni þitt er það að sleppa takinu af ýmsum gömlum minningum og lífa algjörlega og alfaríð í nútíðinni.



Tviburamir (21. maí–21. júní)

Tviburinn er geislandi, æstur og liflegur þessa dagana, hverju það tengist er erfitt að segja en það er létt yfir tviburinum. Hreyfingar þínar eru eflaust hraðar á þessum árstíma og hugur þinn fljótandi. Sú venja tviburans að hafa alla með mætir andstöðu, svo farðu með gát. Þig skortir oft rökvisi og dómgreind, sem ber alls ekki að rugla saman við greind.



Krabbi (21. júní–22. júlí)

Þú tekur oft að þér ábyrgðarmikil störf í samfélaginu og verður vinsæl/l. Talaðu máli þínu þegar kastljósið beinist að þér. Það eru hiti og ástríður í merkinu þessa dagana en það ber að hafa það hugfast að of mikill hiti getur endað illa. Farðu þér hægt, kæri krabbi, en njóttu þessa tímabils. Ekki gleyma því að þú átt sérstaklega gott með að taka við og halda í þér hvers konar orku.



Ljónið (23. júlí–22. ágúst)

Helgin verður ánægjuleg og sveipuð rómantík og einlægum tilfinningaböndum. Stærsta verkefni þitt í samböndum er að yfirvinna eigingirni þína og leyfa þér að bindast einlægum, sönnnum böndum. Ekki nálgast ástina sem leik eða prófaun á stjórnumarhæfni þína. Heillandi eiginleikar þínir þróa koma fram í dagsljósið. Opnaðu þig og vertu þú sjálf/ur.



Meyjan (23. ágúst–22. sept.)

Það er greinilegt að þú vilt ávallt gera vel. Hinsvegar getur verið fjandi erfitt að þóknast þér og það er vissulega erfitt að halda í við þig og enn erfiðara að þekkja þig. Vinnusemi einkennir þig helgina framundan þar sem þú virðist leika þér lítill og vinna mikið. Nú er mál til komið að slökkva á símanum og finna leiðir til að losna við vinnu.



Vogin (23. sept.–23. okt.)

Þér reynist auðvelt að ná félagslegum samböndum. Þú ert vinur í raun og aðdáunarverður elskhugi. Ávallt til í að miðla af þínum miklu hæfileikum. Yfir helgina ertu virk/ur en stundum áttu það til að vera óvirk/ur og þá er eins og grátt þunglyndi svífi yfir þér og allt í kring um þig. Um þessar mundir liður þér hinsvegar einstaklega vel og ert bjartsýn/n og sátt/ur.



Sporðdreki (24. okt.–21. nóv.)

Sporðdrekin vill allt eða ekkert. Miklir ófgar birtast. Þú virðist heldur vilja byrja upp á nýtt með hreint borð en hengslast í gömlum vana. Sporðdrekinn gerir tilraunir og lifir lífinu til hins ýtrasta, ófganna á milli. Þín lífsregla er sú að ef maður er að gera eitthvað merkilegt þá skuli maður sökkva sér á kaf í það. Á svipstundu umhverfis þú úr óvirkum áhorfanda í athafnamannskju.



Bogmaður (22. nóv.–21. des.)

Nú skaltu treysta á innsæisleiftur þitt sem reynist oftar en ekki rétt, kæri bogmaður. Mikil fjölhæfni þín er áberandi þessa dagana og þú virðist hafa þörf fyrir að hafa fleiri en eitt aðalverkefni í lífi þínu.

LEIKHÚS

FÖSTUDAGURINN 19. MAÍ



ÁTTA KONUR

Verkið er „glæpsamlegur gamanleikur“ þar sem átta leikkonur leiða okkur inn í kvennaheim, fullan af óvæntum atburðum, ógnum og gríni. Þeim til fulltingis verður hinn þekkti látbragðsleikari Kristján Ingimarsson, sem kemur sérstaklega frá Danmörku til að taka þátt í sýningunni. Áhorfendur mega eiga von á því að leikkonurnar bresti í dans og söng þegar minnst varir.

STEFNUMÓT VIÐ PINTER

Málþing verður haldið á Stóra sviði Þjóðleikhússins klukkan 14 í dag. Meðal fyrirlesara eru Michael Billington, Penelope Wilton, Martin Regal, Hávar Sigurjónsson og Stefán Jónsson. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

VILTU FINNA MIJÓN

Ingibjörg er í miðjum klíðum við að undirbúa afmælisboð húsbónda síns, hins ljúfa endurskoðanda Haralds. Það er von á gestunum á hverri stundu og Ingibjörg er á nálum vegna þess að Haraldur er seinn. Þegar Haraldur kemur loks heim er hann breyttur maður. Hann hefur í misgripum tekið ranga tösku á pósthúsinu og innihaldið hefur möguleikann á að breyta lífi hans á svipstundu.

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

Leikfélag Akureyrar í samstarfi við Íslensku óperuna sýnir í kvöld Litlu hryllingsbúðina eftir Howard Ashman. Hryllingsbúðin er Sígildur roksöngleikur fyrir alla fjölskylduna, fullur af húnor og kraftmikilli tónlist. Með hlutverk í sýningunni fara m.a. Jóhannes Haukur Jóhannesson, Andrea Gylfadóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Álfrún Helga Örnólfsdóti, Esther Talía Casey, Ardís Ólöf Víkingsdóttir og Guðjón Þorsteinn Pálmarsson. Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson.

LAUGARDAGURINN 20. MAÍ

ÁTTA KONUR

Verkið er „glæpsamlegur gamanleikur“ þar sem átta leikkonur leiða okkur inn í kvennaheim, fullan af óvæntum atburðum, ógnum og gríni. Þeim til fulltingis verður hinn þekkti látbragðsleikari Kristján Ingimarsson, sem kemur sérstaklega frá Danmörku til að taka þátt í sýningunni. Áhorfendur mega eiga von á því að leikkonurnar bresti í dans og söng þegar minnst varir. ALLRA SÍÐASTA SÝNING.

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

Leikfélag Akureyrar í samstarfi við Íslensku óperuna sýnir í kvöld Litlu hryllingsbúðina eftir Howard Ashman. Hryllingsbúðin er Sígildur roksöngleikur fyrir alla fjölskylduna, fullur af húnor og kraftmikilli tónlist. Með hlutverk í sýningunni fara m.a. Jóhannes Haukur Jóhannesson, Andrea Gylfadóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Álfrún Helga Örnólfsdóti, Esther Talía Casey, Ardís Ólöf Víkingsdóttir og Guðjón Þorsteinn Pálmarsson. Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson.

PÉTUR GAUTUR

Í kvöld er verk Ibsens, Pétur Gautur, sýnt í Kassarum í Þjóðleikhúsinu. Í sýningunni nýtur mannlegt innsæi höfundarins sín til fulls og ímyndunarafl og hugmyndaauðgi hans fara á flug í þessari frumlegu uppsetningu Baltasars Kormáks sem flytur persónuna í nútímann. Björn Hlynur Haraldsson fer með aðalhlutverkið.

NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR

Barnasýning sem er samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins og er sett upp á Litla sviðinu. Verkið er byggt á fjölmörgum þekktum og minna þekktum íslenskum þjóðsögum þar sem mætast tröll, draugar, huldufólk og þorp-arar. Meðal sagna verksins eru Gilitrutt, Bakkabræður og Búkolla. Leikendur eru Birgitta Birgisdóttir, Dóra Jóhannesdóttir, Halldóra Malín Pétursdóttir, Jörundur Ragnarsson, Magnea Björk Valdimarsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Víðir Guðmundsson. Leikstjörn er í höndum Ágústu Skúladóttur.

VILTU FINNA MIJÓN

Ingibjörg er í miðjum klíðum við að undirbúa afmælisboð húsbónda síns, hins ljúfa endurskoðanda Haralds. Það er von á gestunum á hverri stundu og Ingibjörg er á nálum vegna þess að Haraldur er seinn. Þegar Haraldur kemur loks heim er hann breyttur maður. Hann hefur í misgripum tekið ranga tösku á pósthúsinu og innihaldið hefur möguleikann á að breyta lífi hans á svipstundu.

SUNNUDAGURINN 21. MAÍ

UMBREYTING – LJÓÐ Á HREYFINGU – FRUMSÝNING

Smásögur, hugleiðingar sem aðeins brúður geta tjáð á sinn einfalda og áleitna hátt. Sögur án orða sem lýsa léttvægum og gamansömum aðstæðum hvunn dagsins en kafa um leið í djúp manssálarinnar.



RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Hið eins sanna verk sem situr eftir svo árum skiptir, þú gleymir seint Ronju og öllum hennar uppátækjum. Sýningin hefst klukkan 14: í Borgarleikhúsinu.

MIKE ATTACK

Einleikur Kristjáns Ingimarssonar hefur hreinlega slegið í gegn í Borgarleikhúsinu.

HAFIÐ BLÁA

Þessi sýning er eftirlæti ungu kynslóðarinnar sem streymir í Austurbæ um helgar til að berja stjörnurnar augum, Jónsi, Matti úr Pöpunum og Halla Vilhjálmς ásamt fleirum fara með aðalhlutverk í þessu verki.

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

Leikfélag Akureyrar í samstarfi við Íslensku óperuna sýnir í kvöld Litlu hryllingsbúðina eftir Howard Ashman. Hryllingsbúðin er Sígildur roksöngleikur fyrir alla fjölskylduna, fullur af húnor og kraftmikilli tónlist.ÝMeð hlutverk í sýningunni fara m.a. Jóhannes Haukur Jóhannesson, Andrea Gylfadóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Álfrún Helga Örnólfsdóti, Esther Talía Casey, Ardís Ólöf Víkingsdóttir og Guðjón Þorsteinn Pálmarsson. Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson.

PÉTUR GAUTUR

Í kvöld er verk Ibsens, Pétur Gautur, sýnt í Kassarum í Þjóðleikhúsinu. Í sýningunni nýtur mannlegt innsæi höfundarins sín til fulls og ímyndunarafl og hugmyndaauðgi hans fara á flug í þessari frumlegu uppsetningu Baltasars Kormáks sem flytur persónuna í nútímann. Björn Hlynur Haraldsson fer með aðalhlutverkið. Í öðrum hlutverkum eru m.a. Brynhildur Guðjónsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Egill Egilsson og Guðrún Gísladóttir.

NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR

Barnasýning sem er samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins og er sett upp á Litla sviðinu. Verkið er byggt á fjölmörgum þekktum og minna þekktum íslenskum þjóðsögum þar sem mætast tröll, draugar, huldufólk og þorp-

arar. Meðal sagna verksins eru Gilitrutt, Bakkabræður og Búkolla. Leikendur eru Birgitta Birgisdóttir, Dóra Jóhannesdóttir, Halldóra Malín Pétursdóttir, Jörundur Ragnarsson, Magnea Björk Valdimarsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Víðir Guðmundsson. Leikstjörn er í höndum Ágústu Skúladóttur.

BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún er ekki búin að tala við í sjö ár. Leikritið er sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins klukkan átta.



HUNGUR – SÍÐASTA SÝNING

Íslenskt verk eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann og er um lífsbaráttu fjögurra einstaklinga í heimi þar sem útlitskröfurnar eru svo óraunhæfar að internetið er eini staðurinn þar sem hægt er að uppfylla þær. Hungur er þriller um stjórnun, kynlíf, sjálf saga, ást, fíkn, ímynd, fegurð og leit að fullkomnun.

HLÁTURHÁTÍÐ

Hlátursnámskeið þar sem Ásta og Kristján munu hjálpa okkur að hlæja og kenna okkur hláturjóga af mikilli snilld. Hver kemur ekki hlējandi þaðan?

MÁNUDAGURINN 22. MAÍ

MARLENE DIETRICH

Marlene Dietrich, stórstjarna, er sérstaklega þekkt fyrir að hafa skemmt hermönnum í kringum seinni heimstyrjöldina. Hún var dád jafnt af bandarísku hermönnunum sem og þeim þýsku. Söngur og skemmtun var hennar leið til að berjast í stríðinu. Í verkinu „Við erum öll Marlene Dietrich“ er sambandið milli stríðs og listar skoðað og spurt um tengslin milli þess að vera hermaður og listamaður. Verkið hefur slegið í gegn um allan heim.

ÞRIÐJUDAGURINN 23. MAÍ

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Drepfyndinn og rómantískur farsí um brúðkaupsdag sem fer á annan endann. Vinsælasta sýning Leikfélags Akureyrar frá upphafi er nú komin í Borgarleikhúsið. Fullkomið brúðkaup er frábærlega skrifaður gamanleikur, hraður, fullur af misskilningi, framhjáhöldum og ást.

VILTU FINNA MIJÓN

Ingibjörg er í miðjum klíðum við að undirbúa afmælisboð húsbónda síns, hins ljúfa endurskoðanda Haralds. Það er von á gestunum á hverri stundu og Ingibjörg er á nálum vegna þess að Haraldur er seinn. Þegar Haraldur kemur loks heim er hann breyttur maður. Hann hefur í misgripum tekið ranga tösku á pósthúsinu og innihaldið hefur möguleikann á að breyta lífi hans á svipstundu.

MIÐVIKUDAGURINN 24. MAÍ

LEIKHÚSKJALLARINN

Djassklúbðurinn Múlinn. You gotta pay the band. Gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu og hafðu svo gaman það sem eftir er.

GILLZENEGGER VOGAVÍKINGURINN 2006

Keppnin Vogavíkingurinn 2006 fór fram í Vogum á Vatnsleysuströnd síðastliðinn laugardag. Skemmt er frá því að segja að Kópavogsbúinn Gillzenegger kom, sá og sigraði við litla hrifningu heimamanna. Í öðru sæti varð Jón tröll sem er nauthraustur og var óheppinn að tapa því honum gekk bölvánlega í trukka-drættinum sem varð honum að falli. Frábær mæting var í Vogunum og auðvitað lét Idolgellan Bríet Sunna, aðalstjarna bæjarins, sig ekki vanta og kíkta á Gillzeneggerinn.


Alls tóku fimm aflraunamenn þátt en því miður gat aðeins einn verið sigurvegari og það var Big G, the Godfather. Hann var sigur-reifur að keppni lokinni. „Það er ótrúlegt að vinna svona keppni, sérstaklega í ljósi þess að hinir keppendurnir eru allir mjög hraustir. En ég held ég verði að þakka Magnúsi Ver kærlega fyrir því hann sagði mér nákvæmlega hvernig ætti að gera hlutina. Að fá ráð frá honum er eins og fyrir vaxtaræktarmanninn að fá ráð Arnolds Schwarzenegger, sagði Gillz, kampakátur að lokum.



HRIKALEGUR! GILLZ FLEYGIR UPP 150 KÍLÓÁ STEINI.



TOPPMENNI ÞAÐ FÓR VEL Á MEÐ ÞEIM GILLZ OG JÓNI TRÖLLI Í LOK KEPPNINNAR.



Síkus myndir – Páll Bergman

SÁTTUR! BIG G MEÐ VERÐLAUNIN SÍN EFTIR AÐ HAFA UNNIÐ SIGUR Í SINNI FYRSTU AFLARAUNA-KEPPNI. GERI AÐRIR BETUR.

SPURT OG SVARAÐ MEÐ GROBE G

Það hefur væntanlega ekki farið framhá neinum sem er ekki með Ritz-kex í hausnum að það er komið sumar. Það er mikið stress hjá fólki á sumrin, það vill líta vel út og getað farið í sund án þess að þurfa að skammast sín. G hefur fengið ófár spurningarnar undanfarið tengdar sumrinu og ég mun að sjálfsgöðu svara nokkrum af þeim í dag.

Sp: Hvar fer Stóri G í sund ef mér myndi langa gegt að sjá hann, ég frétti að hann væri orðin hrikalegur?

Kv, Einn ógó hress.

Sv: Sæl, ógó hress. G er í Salarlauginni. Ef þú ert lucky þá gætirðu rekist á Rúnkarann þar líka.

Sp: G, það er að detta í júní og byssurnar á mér eru ennþá í 34 sentimetrum! Ég geri mér fulla grein fyrir því að ég fæ ekki eina einustu kellingu í sumar nema byssurnar verði komnar í lágmark 38 cm! Hvað get ég gert G, hjálp!

Kv, einn að panikka.

Sv: Það sem þú getur gert er að taka feita rassgatið á þér í burtu frá helvítis lyklaborðinu og drulla þér niður í gym að taka hrikalegan bis! Þegar þú ert búinn að því þá læturðu kortappa í þig og heldur kjafti þangað til þú ferð á næstu bísæfingu! Heldurðu að þú fáið alvöru byssur með því að væla?!? Farðu niður í Fitness Sport og kauptu þér Stallone Gainerinn hjá Svavari. Hann virkar svaðalega!

Sp: Sæll, herra G. Heyrðu, félagi minn lenti í því að gleypa óvart svona víagratöflu. Hann hélt að þetta væri kalktafla en síðan var þetta óvart víagra. Félagi minn var með hann harðan í 19 klukkutíma straight og núna getur hann ekki gefið kellingum harðan nema að taka víagra. Hvað á þessi félagi minn eiginlega að gera, dreng?

Kv, Einn stífur.

Sv: Byrjaðu á því að viðurkenna að „félaginn þinn“ sért þú. Síðan geturðu byrjað að viðurkenna það að þú vissir nákvæmlega hvaða töflu þú varst að taka. Síðan geturðu viðurkennt það að þú ert hreinn sveinn og þetta sé afsökun því þú færð aldrei neitt poon. Síðan þegar þú ert búinn að viðurkenna þetta allt saman þá geturðu haft samband, ég hef ekki tíma í svona vitleysu.

Sp: G, ég fokking skil ekki hvað er að, mar! Ég er gæi sem

rasskelti kjellingar hægri vinstri allar helgar en núna gengur ekki mar! What the fuck is going on man!

Kv, Baddi rugl.

Sv: Þetta virkar svona, Baddi. Ef þú ert semi frægur og offitusjúklingur þá tapparðu af. Ef þú ert offitusjúklingur og has-been þá tapparðu ekki af. Þetta er bara mjög einföld formúla. Annaðhvort ferðu og deletar fitu eða kemur með kombakk í sjónvarpið.

Sp: G. Er ekki málið að fá sér einhvern þvífkt nettan bíl í sumar, ég meina kjellingarnar gráta ekki 19 tommu low profile er það?

Sv: Hvað heldurðu að þú græðir á 19 tommu low profile ef þú ert með 32 sentimetra handleggi! Mundu félagi, Its not the car you're driving, It's the size of the arm hanging out of the window.

Sp: Hæ, Herra Gillz. Heyrðu ég ætlaði að kjósa hann Eypór Arnalds um daginn en síðan var hann tekinn fyrir að keyra fullur. Ég var þvífkt Eypór Arnalds fan en núna veit ég ekki alveg hvað mér finnst... hvað á ég að gera, á ég að afneita honum?

Kv, ein döpur.

Sv: Ég skil ekki alveg hvað fólk er að æsa sig yfir þessu, mega menn ekki fá sér aðeins í glas? Og það er nú til alveg nóg af þessum helvítis ljósastaurum, það er ekki eins og hann hafði keyrt niður eina ljósastaurinn í bænum.

Sp: Sæll, G. Heyrðu, ég skelti mér í sund um daginn og skelti mér í heita pottinn og í gufuna. Ég sat í gufunni og á móti mér voru einhverjar flottar sexy stelpur en ég sá þær eiginlega ekkert fyrir gufunni þannig ég ákvað bara að nýta tækifærið og káfa á pungnum á mér á meðan, ég fékk þvífkt kick út úr því!

Sv: Átti að fylgja spurning með þessu, helvítis perversinn þinn?

Sp: Blessaður kóngur. Af hverju er Gunni samloka í Strákunum kallaður Gunni samloka?

Kv, samloku-fan.

Sv: Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ég er spurður að þessu, félagi. Ég veit ekki hvort samlokun verði hrifin af þessu en fokk it, aðdáendurnir eiga rétt á að vita þetta. Gunni ákvað að skella sér til Miami um

sumarið, var þvífkt spenntur kallinn að skella sér til Bandaríkjanna. Málið er bara það að Gunni er er 40 kíló með skólatösku og svoleiðis menn vaxa ekki á trjánum í Bandaríkjunum. Hann ákvað að skella sér á ströndina kallinn, en hann hefði betur látið það eiga sig. Það endaði þannig að hann var snúinn niður af tveimur 200 kílóa Ameríkönum af afrískum uppruna sem skiptust á að njóta ásta við hann. Hann var þarna samlokaður fyrir framan alla á South Beach og náðust meira að segja myndir af þessu. Þannig var þetta nafn nú til.



Sp: Hæ, G. Mig hefur verið að dreyma svoldið skrýttinn draum undanfarið, ég var að spá hvort þú gætir hjálpað mér. Ég er að labba ein í bílageymslu og ég heyrir alltaf einhver þung skref fyrir aftan mig. Ég heyrir skrefin nálgast og nálgast og síðan lít ég við þá er Ásgeir Kolbeins fyrir aftan mig í með vindil í munnum og með vininn blóðstífan. Síðan áður en ég veit af er Rauði turninn að gefa mér það ofan á húddinu á einum bílnum þarna. Hvað þýðir þetta, G?

Kv, ein ringluð.

Sv: Það þarf ekki eldflaugasérfræðing til að ráða þennan draum! Þig langar að láta Rauða turninn hamra þig í bílageymslu. Nefndu bílageymsluna, reddaðu bílhúddi, ég græja Kolb.

Sp: Gillz, ég frétti að þú hefðir unnið aflraunakeppni um daginn í Vogunum og heitir núna Voga Víkingurinn. Ertu svona hrikalegur, er þetta rétt?

Sv: Ég er hrikalegur, ég viðurkenni það.

Haldið áfram að senda spurningar á kallinn. Munið bara, G tekur á öllum málum! Þangað til næst, if you cant be good be bad baby.

Kv, Gillz



31

Sumartilboð
25%
afsláttur*



Bragðbetra í bragðprófun¹⁾

Nýjung! Nicorette Fruitmint

Við fylgjum nú eftir þeim vinsældum sem nýja kynslóðin af Nicorette nikótíntyggigúmmíi hefur aflað sér og kynnum nýja bragðtegund - Nicorette Fruitmint.

Nicorette Fruitmint er mjúkt að innan, hefur stökkt yfirborð og frískandi bragð með gómsætri blöndu af ávöxtum og myntu.

Lestu meira á nicorette.is



*Meðan birgðir endast

1) Í bragðprófun meðal 100 reykingamanna var Nicorette Fruitmint borið saman við helsta keppinautinn - Fruit nikótíntyggigúmmí. Nicorette Fruitmint var talið bragðbetra nikótíntyggigúmmí. RSSL Pharma, 2005. Markaðsathugun gerð fyrir Pfizer. Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. www.nicorette.is